

VIÐBÓTARSAMNINGUR H.Í. OG LSH

INNGANGUR

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (H.Í.) kt. 600169-2039 og Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH), kt. 500300-2130. Samningurinn er viðbót við samstarfssamning aðila frá 10. maí 2001 og telst hluti hans. Með undirritun hans er heildarsamningur jafnframt staðfestur, með því að lýst er yfir að ákvæði samningsins frá 10. maí 2001 standi efnislega óbreytt, en notkun hugtaka hafi verið samræmd. Samningi þessum fylgir yfirlit um skilgreiningar sem notaðar eru, sjá fylgiskjal 1.

Með fyrirbyggjandi samningum og reglum sem samhliða eru settar er byggt á nýjum lagagrundvelli. Með því að menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestu samning aðila frá 10. maí 2001 og með gerð þessa viðbótarsamnings telst 38. gr. eldri laga um Háskóla Íslands úr gildi fallin, sbr. bráðabirgðaákvæði laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

MARKMIÐ

Í þessum samningi er leitast við að tryggja ákjósanlega samþættingu faglegrar og rekstrarlegrar stjórnunar, klínískrar þjónustu, kennslu og rannsókna á deildum og sviðum LSH. Forsenda samningsins er fjölbætt hlutverk LSH sem háskólasjúkrahúss í samvinnu við H.Í. og sú aðstaða sem nauðsynleg er til klínískrar kennslu í akademískum *heilbrigðisvísindagreinum* á vegum H.Í.

Samstarf H.Í. og LSH byggist á þeirri sýn að hagsmunir beggja stofnana fari saman. Öflug háskólastarfsemi á LSH er mikilvæg lyftistöng fyrir Háskóla Íslands en jafnframt ein forsenda þess að spítalinn geti veitt sjúklingum bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni.

Til þess að vinna að markmiðum samningsins munu aðilar gera tillögur til stjórnvalda um að taka upp í lög og stjórnvaldsfyrirmæli ákvæði sem auðvelda æskilega samhæfingu á háskólastarfsemi og sjúkrahústarfsemi. Er hér um að ræða aðild H.Í. að stjórnarnefnd LSH, heimild til tímabundinnar ráðningar yfirmanna LSH til samræmis við ráðningartíma kennara við H.Í. og sameiginlegan undirbúning að ráðningu í veigamikil stjórnunarstörf.

1. STARFSMANNAMÁL

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999 skulu menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, innan tveggja ára frá gildistöku laganna, hafa komið sér saman um reglur um *starfstengsl* prófessora læknadeildar við heilbrigðisstofnanir. Þessu ákvæði var fullnægt með samningi aðila frá 10. maí 2001 sem ráðherrarnir staðfestu. Með viðbótarsamningi þessum skilgreina aðilar nánar ýmis atriði er varða störf prófessora læknadeildar og annarra starfsmanna sem vinna að heilbrigðisvísindum hjá H.Í. og LSH. Heildarsamningurinn tekur til þeirra starfsmanna H.Í. og LSH sem hafa starfsskyldur við báðar stofnanir og skilgreinir skyldur og réttindi viðkomandi starfsmanna. Forsenda heildarsamningsins er að um tvær aðskildar stofnanir er að ræða. Við framkvæmd heildarsamningsins eru stofnanirnar báðar bundnar af þeim almennu lögum sem gilda um starfsemi þeirra, einkum ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, auk ákvæða í lögum sem gilda sérstaklega um hvora stofnun, þ.e. annars vegar lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og hins vegar lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Þá eru stofnanirnar ennfremur bundnar af ákvæðum kjarasamninga sem gerðir hafa verið við stéttarfélag starfsmanna.

HÚSBÓNDAVALD

H.Í. og LSH annast ráðningu sinna starfsmanna lögum samkvæmt. Í ráðningarsamningum sameiginlegra starfsmanna er skilgreint hvernig starfsskyldum og ábyrgðarsambandi er háttað.

Samhliða því að gengið er frá viðbótarsamningi þessum eru settar sérstakar verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart bæði H.Í. og LSH, sjá fylgiskjal 3. Reglurnar eru settar af stjórnarnefnd LSH og háskólaráði með lagastoð í 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

STARFSSKYLDUR

Með starfsskyldum er í samningi þessum annars vegar átt við akademísku þættina kennslu, rannsóknir og stjórnun við H.Í., sbr. meðal annars 9. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, og hins vegar starfsskyldur löggiltra heilbrigðisstétta á LSH. Í fylgiskjali 2 eru talin upp ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga í þessu sambandi.

Hjá háskólakennurum sem starfa við H.Í. er skipting starfsskyldna ákveðin af háskólaráði. Í 11. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði og deildum markað svigrúm til þess að útfæra þessa skiptingu. Starfsskyldur háskólakennara ráðast af starfsheitum og ákvæðum í ráðningarsamningi en almennar reglur gilda um hvað fylgir starfinu, þ.e. aðstaða, réttur til setu á fundum, þátttaka í stefnumótun o.s.frv.

Á LSH mótast starfsskyldur annars vegar af ákvæðum laga og siðareglna um réttindi sjúklinga og störf einstakra starfstétta og hins vegar af ákvæðum ráðningarsamninga. Auk þess er starfsemi heilbrigðisstofnana háð þeim rekstrarforsendum sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

SAMEIGINLEGIR STARFSMENN

Við gerð þessa samnings starfa hjá H.Í. og LSH rúmlega 80 starfsmenn sem hafa ráðningarsamning við báða aðila og starfsskyldur við H.Í. sem nema að lágmarki fimm tungum af fullu starfi, sbr. fylgiskjal 4. Samningsaðilar stefna að því að samræma reglur sem gilda um sameiginlega starfsmenn sem og ákvæði einstakra ráðningarsamninga eftir því sem tilefni er til.

RÁÐNING OG STARFSTENGL

Í samningi þessum skilgreina aðilar ábyrgð og verkaskiptingu milli H.Í. og LSH í starfsmannamálum, störf sameiginlegra starfsmanna og starfstengsl þeirra við stofnanirnar báðar.

Starfstengsl *háskólanna* við sjúkrahúsið innan þessa samnings eru með tvennu móti:

1. Annars vegar er háskólamañni veitt tiltekin aðstaða á sjúkrahúsinu - *tengd staða* - án ráðningarsamnings við LSH.
2. Hins vegar er háskólamaður ráðinn til starfa á sjúkrahúsinu samhliða háskólastarfinu, þ.e. í *samhliða starf* með gerð sérstaks ráðningarsamnings við LSH.

Háskólamaður sem hefur tengda stöðu á LSH hefur rétt til þeirrar aðstöðu sem honum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknahlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart LSH hefur viðkomandi starfsmaður H.Í. þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu *fræðasviðs / fræðigreinar* innan sjúkrahússins.

Háskólamaður getur haft frekari starfstengsl við LSH en felast í tengdri stöðu. Slík starfstengsl byggjast á því að háskólamaður er ráðinn sérstaklega í starf sem auglýst er og ráðið í af LSH samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins og þess umsækjanda sem í það er ráðinn. Í því tilviki hefur háskólamaðurinn tvo ráðningarsamninga, annars vegar um starfið við H.Í. og hins vegar um starfið við LSH.

Hvor aðili hefur formlegt forræði á ráðningum til starfa við sína stofnun. Þegar fyrirhugað er að ráða sama einstakling til beggja stofnana í samhliða störf munu aðilar hafa samráð um auglýsingar viðkomandi starfa og heimilt er að skipa sameiginlega valnefnd. Ef af ráðningu verður á þeim forsendum, er fjallað um starfstengsl í ráðningarsamningum við báðar stofnanirnar.

Um nýráðningu, tengdar stöður, samhliða störf og breytingar á starfsskyldum fer eftir verklagsreglum um málefni starfsmanna sem settar verða samhliða því að gengið er frá viðbótarsamningi þessum.

AÐSTOÐ VIÐ KENNSLU

Stjórnendur fræðasviða / fræðigreina H.Í. geta í samráði við sviðsstjóra leitað til starfsmanna á LSH og falið þeim að leiðbeina nemendum í klínisku námi á spítalanum. Auk starfa sinna við spítalann taka þessir starfsmenn þátt í klínískri kennslu með því að leiðbeina nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu og/eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi störf lúta verkstjórn stjórnenda fræðasviða / fræðigreina H.Í. og starfsmennirnir bera ekki ábyrgð á skipulagi kennslu eða prófum.

Heimilt er að setja sérstakar reglur um þessi störf innan hverrar heilbrigðisvísindagreinar. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu LSH.

VEITING AKADEMÍSKRAR NAFNBÓTAR

Til þess að tryggja markmið þessa samnings um náð og gagnkvæmt samstarf H.Í. og LSH, gefa heilbrigðisvísindadeildir H.Í., og eftir atvikum aðrar háskóladeildir, háskólamenntuðu starfsfólki LSH kost á akademískri nafnbót.

Starfsfólk LSH sem notar starfsvettvang sinn til kennslu og rannsókna á rétt til að sækja um mat á hæfi til að gegna akademísku starfi við H.Í. í samræmi við reglur um viðurkenningu H.Í. á akademísku hæfi starfsmanna á LSH, sbr. fylgiskjal 5, þar sem jafnframt er fjallað um skilyrði slíkra umsókna og meðferð þeirra. Viðurkenning á akademísku hæfi veitir viðkomandi starfsmanni heimild til að bera þá akademísku nafnbót sem veitt er í tengslum við einhverja af heilbrigðisvísindadeildum H.Í. Deildir geta einnig átt frumkvæði að því að veita akademíska nafnbót.

Nafnbótinni fylgja tilgreind réttindi og skyldur og fellur hún niður láti viðkomandi af störfum við LSH. Veiting akademískrar nafnbótar verður ekki lögð að jöfnu við ráðningu í starf háskólakennara eða sérfræðings við H.Í., sbr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands.

NÁNAR UM EINSTÖK STARFSHEITI HÁSKÓLAKENNARA

1. Prófessor

Í ráðningarsamningi prófessors, sem ráðinn er til starfs við H.Í., eru tilgreindar akademískar starfsskyldur hans við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Háskólinn hefur forræði á viðkomandi starfi.

Ef starfsmaður LSH sækir um og fær starf prófessors, kemur ráðning hans við spítalann til endurskoðunar með tilliti til hins nýja starfs. Fylgi starfinu tengd staða við LSH, fær viðkomandi starfsmaður réttindi á spítalanum í samræmi við það. Um frekari störf, þ.e. samhliða starf, í þágu LSH samhliða prófessorsstarfinu skal gerður sérstakur ráðningarsamningur ef við á.

1.1. Tengd staða prófessors sem ráðinn er að undangenginni auglýsingu

Í samræmi við ákvörðun um forsvar fræðigreinar og forstöðu fræðasviðs, sbr. ákvæði 5. kafla samstarfssamnings H.Í. og LSH frá 10. maí 2001, og verklagsreglur um málefni starfsmanna, sbr. fylgiskjal 3, veitir LSH viðkomandi prófessor, sem ráðinn hefur verið til

prófessorsstarfs með auglýsingu, yfirmannsstöðu (þ.e. tengda stöðu) við spítalann samkvæmt reglum sem spítalinn setur þar um. Yfirmannsstaða spítalans er tengd starfi prófessorsins við H.Í. og hætti hann störfum sem prófessor fellur tengda staðan á LSH niður. LSH leggur prófessornum til þá starfsaðstöðu sem nauðsynleg er vegna kennslu og rannsókna sem og stjórnunar þeirra starfsþátta. Um þessa aðstöðu semja H.Í. og LSH sérstaklega í hverju tilviki.

Prófessorinn er yfirmaður allrar kennslu við H.Í. og LSH í viðkomandi fræðigrein. Við ráðningu í prófessorsstarfið við H.Í. fær hann almenn réttindi yfirlæknis eða sambærilegs yfirmanns annarra starfsstétta LSH. Í því felst að prófessorinn tekur þátt í almennri stefnumótun LSH með öðrum yfirmönnum og hefur umsjón með stefnumótun sinnar fræðigreinar innan LSH, bæði að því er varðar vísindarannsóknir og uppbyggingu klínískrar þjónustu. Prófessor situr fundi sviðsstjóra þess sviðs er hann tengist þegar málefni tengd fræðigrein hans eru á dagskrá. Um frekari störf á LSH, þ.e. samhliða starf, er gerður sérstakur ráðningarsamningur sem öðlast gildi þegar H.Í. hefur staðfest hann. LSH getur sagt upp þessum ráðningarsamningi eftir umfjöllun í *stefnunefnd H.Í. og LSH*.

1.2. Prófessorar í tengdum störfum við gildistöku þessa samnings

Í 2. kafla þessa samnings er fjallað um stjórnunartengsl prófessora í læknisfræði, sem eru í starfi hjá báðum stofnunum við gildistöku samningsins. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í fylgiskjali 4.

1.3. Breytingar á starfsskyldum prófessors eftir gildistöku þessa samnings

Ef ákveðið er, eftir gildistöku þessa samnings, að breyta starfsskyldum prófessors á spítalanum, skal fjallað um þá breytingu í *stefnunefnd*.

1.4. Framgangur í starf prófessors

Framgangsmál eru á forræði viðkomandi háskóladeildar. Deildin getur óskað eftir því við *stefnunefnd* að málið sé undirbúið í samræmi við reglur um nýráðningar og kannað verði hvort starfið skuli fela í sér forsvar fyrir fræðigrein og hvort því fylgi tengd staða á LSH.

Ef starfsmaður LSH fær framgang í starf prófessors, breytist ráðning hans á spítalanum hafi *stefnunefnd* ákveðið að starfið feli í sér forsvar fræðigreinar, en þá á það sama við og um nýráðningar, sbr. fylgiskjal 3. Breyting getur einnig orðið á starfi hans á LSH ef starfsskyldur gagnvart H.Í., samkvæmt ráðningarsamningi, hafa veruleg áhrif á grundvöll spítalastarfsins. Í því tilviki er áframhaldandi ráðning á vettvangi spítalans háð samþykki LSH.

2. Dósent

Í ráðningarsamningi dósent, sem ráðinn er til starfs við H.Í., eru tilgreindar akademískar starfsskyldur hans við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Háskólinn hefur forræði á viðkomandi starfi.

Ef starfsmaður LSH sækir um og fær starf dósent breytist ráðning hans á LSH einungis ef starfsskyldur gagnvart H.Í. samkvæmt ráðningarsamningi hafa veruleg áhrif á grundvöll spítalastarfsins. Í því tilviki er áframhaldandi starf á vettvangi spítalans háð samþykki LSH.

2.1. Tengd staða dósent

Þegar dósent er ráðinn til starfa við heilbrigðisvísindadeild H.Í. skal farið að verklagsreglum um málefni starfsmanna, sbr. fylgiskjal 3. Dósent getur verið forsvarmaður fræðigreinar og ef starfinu fylgir tengd staða við LSH, fær dósentinn starfsvettvang til kennslu og rannsókna á LSH. Við skilgreiningu aðstöðu sem dósentinn fær skal haft samráð við forsvarsmann þeirrar fræðigreinar sem starfið tengist, sé hann annar.

Um frekari störf á LSH samhliða dósentstarfinu (þ.e. samhliða starf), skal gerður sérstakur ráðningarsamningur sem öðlast gildi þegar H.Í. hefur staðfest hann. LSH getur sagt upp þessum ráðningarsamningi eftir umfjöllun í *stefnunefnd*.

2.2. Dósentar í tengdum störfum við gildistöku þessa samnings

Aðilar eru sammála um að starfsvettvangur allra dósentna, sem eru í starfi hjá báðum stofnunum við gildistöku þessa samnings, haldist.

2.3. Breytingar á starfsskyldum dósentna eftir gildistöku þessa samnings

Ef ákveðið er, eftir gildistöku þessa samnings, að breyta starfsskyldum dósentna á spítalanum, skal fjallað um þá breytingu í stefnunefnd.

2.4. Framgangur í starf dósentna

Framgangsmál eru á forræði viðkomandi háskóladeildar. Deildin getur óskað eftir því við stefnunefnd, að málið sé undirbúið í samræmi við reglur um nýráðningar og kannað verði hvort starfið skuli fela í sér forsvar fyrir fræðigreini og hvort starfinu fylgi tengd staða á LSH.

Ef starfsmaður LSH fær framgang í starf dósentna breytist starf hans á spítalanum einungis ef starfsskyldur gagnvart H.Í., samkvæmt ráðningarsamningi, hafa veruleg áhrif á grundvöll spítalastarfsins, til að mynda ef dósentstarfinu fylgir forsvar fyrir fræðigreini. Í því tilviki er áframhaldandi ráðning á vettvangi spítalans háð samþykki LSH.

3. Lektor

Í ráðningarsamningi lektors sem ráðinn er til starfs við H.Í., eru tilgreindar akademískar starfsskyldur hans við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Háskólinn hefur forræði á viðkomandi starfi.

Ef starfsmaður LSH sækir um og fær starf lektors breytist ráðning hans við spítalann einungis ef starfsskyldur gagnvart H.Í., samkvæmt ráðningarsamningi, hafa veruleg áhrif á grundvöll spítalastarfsins. Í því tilviki er áframhaldandi starf á vettvangi spítalans háð samþykki LSH.

3.1. Tengd staða lektors

Þegar lektor er ráðinn til starfa við heilbrigðisvísindadeild í H.Í. skal farið að verklagsreglum um málefni starfsmanna, sbr. fylgiskjal 3.

Liggi til þess sérstakar ástæður getur háskóladeild ákveðið að forsvar fræðigreinar sé tímabundið falið lektor og óskað eftir því við stefnunefnd að kannað verði hvort starfinu fylgi tengd staða á LSH. Ef svo er fær lektorinn starfsvettvang til kennslu og rannsókna á LSH.

Um frekari störf á LSH samhliða lektorsstarfinu, þ.e. samhliða starf, skal gerður sérstakur ráðningarsamningur sem öðlast gildi þegar H.Í. hefur staðfest hann. LSH getur sagt upp þessum ráðningarsamningi án samráðs við H.Í.

3.2. Lektorar í tengdum störfum við gildistöku þessa samnings

Aðilar eru sammála um að starfsvettvangur allra lektora, sem eru í starfi hjá báðum stofnunum við gildistöku þessa samnings, haldist.

3.3. Breytingar á starfsskyldum lektors eftir gildistöku samnings

Rísi ágreiningur um breytingar á starfsskyldum lektors á spítalanum eftir gildistöku þessa samnings, geta aðilar skotið málinu til stefnunefndar.

3.4. Framgangur í starf lektors

Á ekki við skv. gildandi reglum.

4. Aðjúntar og stundakennarar

Í ráðningarsamningum, kjarasamningum og reglum H.Í. er tilgreint hvernig akademískar starfsskyldur skiptast hjá aðjúntum og stundakennurum sem ráðnir eru til H.Í. Skilgreina skal starfsvettvang, og eftir atvikum frekari starfstengsl, áður en ráðið er í viðkomandi störf. Háskólinn hefur forræði á viðkomandi störfum.

5. Sérfræðingar, skv. reglum H.Í.

Í ráðningarsamningum, kjarasamningum og reglum H.Í. er fjallað um starfsskyldur vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga. Ef fyrirhugað er að viðkomandi starfsmaður hafi starfstengsl við LSH skulu þau starfstengsl skilgreind.

6. Önnur störf

Aðrir starfsmenn, sem vinna að rannsóknum og vísindastarfi, geta verið ráðnir til hvorrar stofnunar um sig og njóta réttinda í samræmi við það. Laun eru greidd af H.Í. eða LSH, eftir því hvor aðili ræður viðkomandi til starfa. Þessi störf geta verið kostuð m.a. með framlagi úr vísindasjóðum, styrkjafé eða tekjum frá fyrirtækjum. Einnig kunna laun að vera kostuð með rannsóknarfé sem H.Í. og/eða LSH ætla sérstaklega til rannsókna og vísinda.

2. FRÆÐASVIÐ OG FRÆÐIGREINAR Í H.Í. OG SVIÐ OG DEILDIR Á LSH

SKILGREINING OG STJÓRNUN FRÆÐASVIÐA OG FRÆÐIGREINA Í H.Í.

Fræðasvið og fræðigreinar eru skipulagslegar einingar í stjórnun kennslu og rannsókna í *heilbrigðisvísindagreinum* H.Í. Hinar stærri einingar nefnast fræðasvið, sem geta tekið til einnar fræðigreinar, en í öðrum tilvikum eru margar fræðigreinar á fræðasviðinu. Fræðigreinar eru skilgreindar af háskóladeildum, sjá nánari lýsingu í fylgiskjali 6.

Fyrir hverju fræðasviði fer forstöðumaður og forsvarsmáður stýrir starfi hverrar fræðigreinar.

Forstöðumaður fræðasviðs hefur, ásamt forsvarsmönnum fræðigreina og öðrum kennurum, umsjón með skipulagi kennslu og rannsókna á fræðasviðinu. Hlutverk hans er að hafa forystu um og samræma akademískt starf fræðasviðsins og skipulag kennslu innan þess. Hann skal einnig með öðrum forstöðumönnum samræma akademískt starf mismunandi fræðasviða.

Forstöðumaður fræðasviðsins tekur þátt í almennri stefnumótun spítalans og mótar stefnu fræðasviðsins innan LSH um vísindarannsóknir og uppbyggingu klínískrar þjónustu. Forstjóri LSH mun funda reglubundið með forstöðumönnum fræðasviða H.Í. um þau mál sem sameiginleg eru fræðasviðum Háskólans og LSH.

SKIPUN FORSTÖÐUMANNA FRÆÐASVIÐA OG FORSVARSMANNA FRÆÐIGREINA INNAN H.Í.

Hvert fræðasvið heilbrigðisvísinda lýtur forstöðu kennara við H.Í. sem skal vera prófessor nema háskóladeild ákveði annað. Forstöðumaður fræðasviðs er valinn af viðkomandi háskóladeild til fimm ára í senn. Hann sækir því umboð sitt til deildar og ber ábyrgð gagnvart henni. Deild velur staðgengil forstöðumanns fræðasviðs úr hópi forsvarsmanna fræðigreina á fræðasviðinu.

Háskóladeildir útfæra reglur um val og skipun forstöðumanna í einstökum deildum. Þar sem fræðasvið samanstendur af einni fræðigrein er forsvarsmáður hennar sjálfkrafa forstöðumaður sviðsins.

Hver fræðigrein innan heilbrigðisvísindadeilda H.Í. lýtur forsvari kennara við H.Í. Hann er valinn af viðkomandi háskóladeild í samræmi við reglur sem hver heilbrigðisvísindadeild setur þar að lútandi. Forsvarsmáðurinn sækir umboð sitt til deildar og ber ábyrgð gagnvart henni.

Forstaða fyrir fræðasviði og forsvar fræðigreinar innan heilbrigðisvísindadeilda H.Í. er hluti af stjórnunarskyldu viðkomandi háskólamanns, sbr. 32. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Sérstök ákvæði eiga við ef forsvarsmáður fræðigreinar er prófessor í læknadeild, sbr. niðurlag þessa kafla.

TENGL H.Í. OG LSH Á FRÆÐASVIÐUM UTAN HEILBRIGÐISVÍSINDAGREINA

Kennarar á fræðasviði sem er utan heilbrigðisvísindagreina en tengist LSH á grundvelli þessa samnings, skipa í samráði við hlutaðeigandi háskóladeildir tengilið sinn við LSH vegna málefna fræðasviðsins. Tengiliður H.Í. hefur samskipti við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH. LSH útnefnir með sama hætti stjórnanda á spítalanum til þess að vera tengiliður við stjórnsýslusvið H.Í. eða þá sem stjórnsýslusviðið tilnefnir.

Tengiliðir hafa samráð með sér um málefni fræðasviðsins og tilheyrandi fræðigreina og tengsl þeirra við starfsemi spítalans. Heimilt er að semja um að tengiliðir H.Í. fái aðstöðu til starfa á LSH. Tengiliðir eiga rétt á að skjóta málum til stefnunefndar.

SKILGREINING OG STJÓRNUN SVIÐA OG SÉRGREINA / DEILDA Á LSH

Svið og sérgreinar/deildir eru skipulagslegar einingar í stjórnun og rekstri á LSH. Svið eru skilgreind út frá rekstrarlegum forsendum, en sérgreinar/deildir eru faglegar einingar með afmarkaðan rekstur.

RÁÐNING SVIÐSSTJÓRA, YFIRLÆKNA OG HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRA Á LSH

Um val sviðsstjóra LSH fer eftir reglum LSH og ákvæðum í samstarfssamningi frá 10. maí 2001 og skulu þeir hafa akademískt hæfi. Sviðsstjórar starfa í samræmi við ráðningarsamning og starfslýsingu.

Yfirlæknar og hjúkrunardeildarstjórar eru ráðnir að undangenginni auglýsingu og starfa í samræmi við laga- og starfsfyrirmæli.

Ef starfsmaður er ráðinn til að gegna samhliða störfum bæði við H.Í. og LSH, skal haga ráðningu í samræmi við verklagsreglur um málefni starfsmanna, sbr. fylgiskjal 3.

TENGL FRÆÐASVIÐA OG FRÆÐIGREINA H.Í. VIÐ SVIÐ OG DEILDIR LSH

Sérhvert fræðasvið og fræðigrein innan heilbrigðisvísindagreinar tengist einhverju sviði og sérgrein / deild LSH, sbr. fylgiskjal 6. Við skipulag kennslu og rannsókna og við uppbyggingu þjónustu á LSH er mikilsvert að þeir einstaklingar, sem eru í forsvari fyrir þessa starfsemi á hvorri stofnun fyrir sig, vinni náði saman. Aðilar eru því sammála um að viðhafa skipulag sem þjónar þessum markmiðum.

Sviðsstjórar LSH og forstöðumenn fræðasviða H.Í. skulu hafa náði samráð um málefni tengdra sviða og funda um þau reglubundið, enda er slíkt samráð hluti af starfsskyldum sviðsstjóra LSH. Óski LSH eftir að forstöðumaður fræðasviðs H.Í. gegni jafnframt starfi sviðsstjóra á LSH skal málið borið upp í stefnunefnd og er ráðning í samhliða starf þá háð samþykki H.Í.

Sviðsstjórar LSH og forstöðumenn fræðasviða H.Í. geta vísað sameiginlegum málum viðkomandi sviða og deilda til umfjöllunar í stefnunefnd.

Æskilegt getur verið að sami einstaklingur gegni bæði starfi forsvarsmanns fræðigreinar og stjórnunarlegs yfirmanns á LSH. Þegar slík tenging er talin æskileg munu aðilar taka málið upp í stefnunefnd og hafa samráð um auglýsingar vegna þessa starfs, sbr. fylgiskjal 8. Á þetta einkum við um tengsl prófessors, sem ráðinn er á grundvelli auglýsingar, og starfs stjórnunarlegs yfirmanns á spítalanum.

SÉRÁKVÆÐI UM FORSTÖÐUMENN FRÆÐASVIÐA

OG FORSVARSMENN FRÆÐIGREINA LÆKNAEILDAR H.Í. OG TENGL ÞEIRRA VIÐ LSH

Val og hlutverk forstöðumanna fræðasviða læknadeildar er í samræmi við almenn ákvæði þessa samnings og forsendur sem H.Í. ákveður í samráði við LSH.

Prófessor sem veitir fræðasviði forstöðu innan læknadeildar ber starfsheitið forstöðumaður fræðasviðs, á ensku: Faculty Chairman of [heiti fræðasviðs].

Forstöðumaður fræðasviðs og sviðsstjóri lækninga skulu hafa samráð og funda reglubundið um málefni viðkomandi fræða- og lækningarviða. Áður en ákvarðanir eru teknar, sem haft geta umtalsverð áhrif á fræðastarfsemi innan sviðsins, skal sviðsstjóri lækninga bera áformin undir forstöðumanninn. Með sama hætti skal forstöðumaðurinn bera undir sviðsstjóra lækninga þau áform, sem lúta að mótun fræðastarfsemi innan sviðsins og hafa áhrif á rekstur þess.

Framkvæmdastjóri lækninga á LSH mun funda reglubundið með hverjum forstöðumanni fræðasviðs og viðkomandi sviðsstjóra lækninga á LSH.

Forstöðumanni fræðasviðs og sviðsstjóra er heimilt að setja á fót samráðsvettvang innan sviðsins.

Við gerð starfslýsinga fyrir sviðsstjóra lækninga á LSH og forstöðumann fræðasviðs H.Í. munu samningsaðilar hafa samráð sín á milli svo ná megi fram markmiðum samstarfssamnings H.Í. og LSH.

Prófessor við læknadeild H.Í. er að jafnaði bæði forsvarsmáður fræðigreinar og hefur samhliða starf á LSH.

LSH telur æskilegt að prófessor í læknisfræði sem er forsvarsmáður fræðigreinar gegni, samhliða kennarastarfinu, starfi yfirlæknis á LSH í sérgrein sinni og beri það starfsheiti. Í því tilviki gerir hann ráðningarsamninga bæði við LSH og H.Í. Hið sama getur átt við um dósentu og lektora.

Forsvarsmáður fræðigreinar ber ábyrgð á kennslu læknadeildar innan LSH og skipulagi háskólastarfseminnar á spítalanum í viðkomandi fræðigrein og tekur þátt í faglegri mótun klínísku starfseminnar.

Í þeim tilvikum þegar ekki er talið æskilegt að tengja starf prófessors í læknisfræði sem ráðinn hefur verið til starfa á grundvelli auglýsingar við starf yfirlæknis á LSH, mun LSH veita viðkomandi prófessor stöðu yfirlæknis án rekstrarábyrgðar. Um inntak þeirrar stöðu, réttindi og skyldur skal samið sérstaklega í hverju tilviki.

SÉRÁKVÆÐI UM TENGL FRÆÐASVIÐA INNAN LYFJAFRÆÐI OG TANNLÆKNINGA

Aðilar eru sammála um að tryggja þurfi grundvöll fyrir klínískri kennslu lyfjafræðinema. Stjórnendur LSH munu beita sér fyrir því að samningar verði gerðir við Sjúkrahúsapótekið ehf. en það er rekið sem sjálfstæður lögaðili í nánnum tengslum við LSH. Stefnt er að því að í samráði við lyfjafræðideild H.Í. hafi verið gengið formlega frá skipan þessara mála fyrir 1. september 2002.

Aðilar eru sammála um að verkstofur (klíník) tannlæknadeildar Háskóla Íslands fái stöðu göngudeildar innan LSH og munu í sameiningu vinna að þeirri skipan. Stefnt er að því að haustið 2002 verði ráðinn til starfa við tannlæknadeild H.Í. meðferðartannlæknir sem jafnframt hafi starfsvettvang á LSH og sinni með öðrum kennurum tannlæknadeildar klínískri kennslu tannlæknanema. Í tengslum við kennsluna sinnir meðferðartannlæknirinn sjúklingum sem vistast á LSH og veitir jafnframt göngudeildarsjúklingum þjónustu.

Nemendur sem fá klíníska kennslu í lyfjafræði og tannlækningum samkvæmt þessum sérákvæðum, hafa eftir því sem við getur átt sömu stöðu og aðrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum sem stunda klínískt nám á LSH.

3. STAÐA NEMENDA OG SKIPAN MENNTUNAR

Nám í heilbrigðisfræðum skiptist í grunnám og framhaldsnám, sem annars vegar er rannsóknánám þar sem áherslan er á akademískt rannsóknarstarf og hins vegar sérnám sem byggist á klínískri sérhæfingu.

LSH er vettvangur klínískrar kennslu í heilbrigðisvísindagreinum og framhaldsnáms. Klínísk kennsla er órjúfanlegur þáttur í daglegu starfi einstakra deilda spítalans. Með klínískri kennslu er átt við kennslu sem byggist á skoðun og meðferð sjúklinga og meðhöndlun persónutengdra heilsufarsupplýsinga. Klínísk kennsla tekur hvort tveggja til sjúklinga sem liggja á sjúkrahúsinu og göngudeildarsjúklinga. Í klínísku námi þjálfar nemandi beitingu fræðilegrar þekkingar og sjálfstæða ákvarðanatöku undir leiðsögn. Auk þess tekur samningur þessi til kennslu á rannsóknarstofum og sambærilegum starfseiningum.

Auk fræðigreina innan heilbrigðisvísindadeilda H.Í. og starfsþjálfunar cand. psych. stúdenta í félagsvísindadeild tekur þessi samningur til kennslu og þjálfunar nemenda í guðfræði, félagsráðgjöf og neringarfræði. Þá fer og fram samstarf milli H.Í. og LSH um vísindastörf og rannsóknaverkefni í þeim fræðigreinum, eftir því sem hentugt þykir, sbr. 4. kafla þessa samnings. Stefnunefnd getur ákveðið að samstarfið taki til fleiri fræðigreina og staðfestir samninga þar að lútandi.

FAGLEG ÁBYRGÐ

H.Í. ber faglega ábyrgð á menntun nemenda í heilbrigðisvísindagreinum í samstarfi við LSH og eftir atvikum aðrar stofnanir. Semja skal sérstaklega um þátttöku LSH í menntun nemenda annarra deilda H.Í.

Framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar á LSH annast tengsl spítalans við deildir H.Í. og hefur yfirumsjón með þjónustu LSH vegna kennslu á vegum H.Í. Kennslustjóri heilbrigðisvísindadeilda H.Í., í umboði deildarforseta og eftir atvikum skrifstofur viðkomandi deilda H.Í., annast hliðstæða þjónustu af hálfu H.Í.

ÁÆTLUN UM FJÖLDA NÁMSPLÁSSA OG KENNSLUSTUNDA

Áætlun deilda um fjölda námsplássá og skiptingu á deildir, ásamt stundafjölda í klínísku námi, skal liggja fyrir 1. desember ár hvert fyrir næsta háskólaár, í fyrsta sinn fyrir háskólaárið 2003 - 2004. Áður en áætlun er lögð fram skal haft samráð við framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og þróunar á LSH. Stefnunefnd skal fjalla um tillögur háskóladeilda um aukinn nemendafjölda eða aukið námsframboð sem krefst aðstöðu á LSH. Fulltrúar beggja aðila skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu áður en breyting nær fram að ganga.

Í kennsluskrá skal liggja fyrir áætlun um stundafjölda sem ætlaður er til klínískrar kennslu.

GRUNNÁM

Nemendur í grunnnámi í heilbrigðisvísindagreinum fá þjálfun og reynslu í klínísku starfi og sjálfstæðri ákvarðanatöku inni á deildum LSH undir eftirliti og á ábyrgð kennara H.Í. Áætlun um klíníska kennslu og þjálfun nemenda í einstökum heilbrigðisvísindagreinum skal sett fram í kennsluskrá einstakra deilda og námslýsingum sem afhentar eru í upphafi kennslutímabils og birtar á háskólanetinu.

RANNSÓKNANÁM

Rannsóknatengdu framhaldsnámi við H.Í. lýkur með meistara- eða doktorsprófi. Uppbygging framhaldsnáms til háskólagráðu og skipulag þess er á ábyrgð viðkomandi háskóladeilda. Krefjast námið aðstöðu á LSH, fer skipulagning námsins fram í samstarfi forsvarsmanna fræðigreina H.Í., yfirmanna á viðkomandi sviði LSH og kennslustjóra viðkomandi heilbrigðisvísindagreina H.Í. Þessir aðilar skapa jafnframt nauðsynlega aðstöðu fyrir námið. Nemendur í rannsóknnámi á LSH hafa sömu réttindi og skyldur og aðrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum við H.Í.

SÉRNÁM

Samningsaðilar eru sammála um að vinna að frekari uppbyggingu sérnáms í heilbrigðisvísindagreinum sem felur í sér sérhæfða klíniska framhaldsmenntun á LSH. Verði tekið upp klínískt sérnám í heilbrigðisvísindagreinum mun LSH setja fram vinnuskipulag sem miðar að því að veita læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum í sérnámi stigvaxandi ábyrgð undir virku eftirliti.

Stefnt skal að því að áætlun um uppbyggingu sérnáms og viðbótarnáms í heilbrigðisvísindagreinum, þar með talið ljósmóðurfræði, liggi fyrir innan eins árs frá undirritun þessa samnings.

RÉTTINDI OG SKYLDUR NEMENDA

Við upphaf klínísks náms á LSH skal kynnt fyrir hverjum nemanda hvaða sameiginlegir skilmálar LSH og H.Í. gilda um þátttöku hans í náminu.

Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum sem stunda klínískt nám á LSH samkvæmt samningi þessum hafa stöðu sem er sambærileg við stöðu starfsmanna LSH og meðan á náminu stendur njóta þeir tiltekinna réttinda og á sömu kjörum og starfsfólk LSH. Þetta á við um aðgang að mötuneytum LSH, afnot af vinnufatnaði, læsanlega fataskápa og afnot af bílastæðum. Nemendur hafa einnig aðgang að bókasöfnum, upplýsingaþjónustu LSH og nýsigagnagerð á sama hátt og starfsmenn spítalans. Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum skulu bera auðkenniskort, undirrita þagnareid, fara í heilbrigðiseftirlit með sama hætti og þeir sem ráðnir eru til starfa á LSH og uppfylla aðrar hliðstæðar kröfur á sama hátt og starfsmenn LSH.

Nemendur skulu undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir sem gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma. Skrifstofa starfsmannamála LSH heldur skrá yfir bólusetningar nemenda svo sem væru þeir starfsmenn spítalans.

Við störf sín í klínísku námi njóta nemendur H.Í. sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð sameiginlegra starfsmanna LSH og H.Í. sem samningur þessi tekur til og leiðbeina þeim hverju sinni.

Um samningsbundin réttindi fer eftir ákvæðum einstakra samninga. Um laun nemenda í klínísku námi, sem jafnframt eru starfsmenn LSH, fer eftir gildandi kjarasamningum.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

LSH tryggir aðstöðu til klínískrar kennslu umsamins fjölda nemenda í heilbrigðisvísindagreinum á hverju háskólaári. Þar er nemendum tryggt vinnuaðstaða og aðgangur að gögnum í samráði við starfsmenn viðkomandi deilda LSH.

LSH leggur til kennsluaðstöðu (fyrirlestrasali og fundaherbergi, kennslutæki, svo sem töflur, myndvarpa, skjávarpa, sjónvörp og myndbandstæki), samkvæmt yfirliti sem fylgir með í fylgiskjali 7 og hefur umsjón með rekstri hennar. Meginaðstaða H.Í. til kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum er í Eirbergi og í Læknagarði, en kennslan fer einnig fram í Skógarhlíð og víðar. Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega áætlun um frekari þróun sérútbúins kennsluhúsnæðis.

4. VÍSINDASTÖRF OG RANNSÓKNAVERKEFNI

STEFNUMÓTUN

Báðir aðilar hafa mótað vísindastefnu sinna stofnana (sbr. fylgiskjal 8 og 9) og munu á þeim grundvelli vinna að sameiginlegri stefnu um vísindi og rannsóknastörf er tengjast báðum stofnunum. Markmið þeirrar stefnumótunar er að efla akademískt rannsókná- og vísindastarf og styrkja hlutverk LSH sem snýr að þjónustu við sjúklinga. Í þágu rannsóknafrelsis skal eftir föngum tryggja greiðan aðgang að rannsóknviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum í þágu skilgreindra rannsóknaverkefna starfsmanna H.Í. og LSH og mun spítalinn m.a. móta reglur um meðferð rannsóknagagna og tækni við vísindarannsóknir.

Þá munu samningsaðilar vinna að eflingu þverfaglegra rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum.

RANNSÓKNASAMSTARF

Þeir rannsóknættir sem snúa að samstarfi H.Í. og LSH eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1) Grunnrannsóknir. Grunnrannsóknir fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem er innt af hendi fyrst og fremst með það í huga að afla nýrrar þekkingar, án þess að hafa nokkra tiltekna hagnýtingu eða notkun í huga. Með grunnrannsóknnum er verið að greina eiginleika, formgerðir og tengsl með það í huga að setja fram og prófa tilgátur, kenningar eða lögmál.

Mikilvægt er að hlúa sérstaklega að grunnrannsóknnum á háskólasjúkrahúsinu sem hefur ríka klíniska þjónustuskyldu. Til þess þarf sérstök framlög og munu báðir aðilar stuðla að öflun þeirra.

2) Faraldsfræðilegar rannsóknir á sjúklingum og sjúkragögnum. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar og munu aðilar efla þær, m.a. með bættum tölvubúnaði og skráningarferlum.

3) Hagnýtar klínískar rannsóknir. Hagnýtar rannsóknir fela í sér frumathuganir sem gerðar eru með það í huga að afla nýrrar þekkingar. Þeim er hins vegar fyrst og fremst beint að sérstökum hagnýtum markmiðum.

Hagnýtar klínískar rannsóknir taka til árangurs og heldni meðferðar, aðgerða og inngrípa. Klínískum rannsóknnum er m.a. ætlað að afla þekkingar um heilsufarsvanda og umönnun skjólstaðinga til að bæta þjónustu við þá og gera hana jafnframt árangursríkari. Skipuleggja þarf rannsókná- og kennslustarf, m.a. á legu- og göngudeildum sjúkrahússins, til að renna stoðum undir þessa rannsóknætti.

4) Þróunarverkefni fela í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem fengist hefur með rannsóknnum eða hagnýtri reynslu, með það að markmiði að stuðla að uppfinningum eða endurbótum á vörum, ferlum, þjónustu og vinnufyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu.

Samningsaðilar munu hafa með sér samstarf um alla þessa þætti og leggja áherslu á að veita starfsmönnum aðstoð og hvetja þá í rannsóknastarfi. Jafnframt munu aðilar efla eftir föngum rannsóknasjóði sem styrkja heilbrigðisvísindi.

Samningsaðilar munu vinna sameiginlega að framangreindum viðfangsefnum og efla rannsóknir með markvissum hætti, sbr. fylgiskjal 10. Samningsaðilar hafa þegar hafist handa við þau viðfangsefni sem þar eru tiltekin og fyrir liggja drög að sameiginlegu verklagi um hagnýtingu hugverka og stofnanirnar hafa haft samráð um mótun reglna um stjórnunar- og aðstöðugjald.

Samningsaðilar munu vinna að öðrum viðfangsefnum samkvæmt nánari ákvörðun stefnunefndar.

5. REKSTUR OG FJÁRHAGSÁBYRGÐ REKSTRARÞÁTTA

Rekstur heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands er fjármagnaður með fjárveitingu til kennslu og rannsókna í fjárlögum og með sértekjum, skrásetningargjaldi nemenda, rannsóknastyrkjum og seldri þjónustu. Með samningum við menntamálaráðuneyti hafa fjárveitingar verið nánar skilgreindar og fyrir liggur reiknilíkan um fjármögnun kennslu (kennslulíkan) í samræmi við fjölda nemenda og eðli námsins. Þá hefur verið gerður samningur um fjármögnun rannsókna en reiknilíkan um fjárframlög til rannsókna liggur ekki fyrir. Í kennslulíkani er tiltekin sú starfsemi er fjármögnunin nær til. Með kennslulíkani er tryggt fjármagn til fræðilegrar kennslu viðkomandi deilda og klínískrar kennslu kennara háskólans en ekki fjármagn til klínískrar kennslu starfsmanna heilbrigðisstofnana eða aðstöðu til klínísks náms á heilbrigðisstofnunum, enda þótt líkanið taki til alls námstímans.

Rekstur LSH er fjármagnaður að mestu leyti með fjárveitingu í fjárlögum en að nokkru með innheimtu þjónustugjalda. Á LSH hefur klínísk kennsla og akademísk starfsemi verið stunduð um áratugaskeið en ekki hafa verið skilgreindar sérstaklega fjárveitingar eða kostnaður vegna þessara þátta.

Aðilar munu leggja mat á eðlilegan kostnað LSH vegna klínískrar kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum H.Í. og annarrar akademískrar starfsemi, m.a. með samanburði við önnur háskólasjúkrahús.

Aðilar stefna að því að starfsskyldur sameiginlegra starfsmanna verði skilgreindar sem fullt starf í einstökum ráðningarsamningum. Til að svo megi verða þarf að meta málsatriði með tilliti til kjarasamninga, ýmissa réttinda starfsmanna, afstöðu kjaranefndar og annarra lögbundinna atriða. Þó starfsskyldur sameiginlegra starfsmanna verði skilgreindar sem fullt starf verða greiðslur fyrir yfirvinnu, vaktálag og aðra óreglulega launaliði á ábyrgð hvorrar stofnunar fyrir sig, nema öðruvísi verði um samið.

Í þessu ljósi eru aðilar sammála um að óska eftir því við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti að stefnt verði að því að taka upp um áramót 2003/2004 reiknilíkan sem tekur til klínískrar kennslu og akademískrar starfsemi á LSH.

GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI

Viðbótarsamningur þessi er til fjögurra ára. Heildarsamningurinn sem hann er hluti af verður endurskoðaður í heild sinni innan tveggja ára frá gildistöku viðbótarsamnings. Komi upp ágreiningur um túlkun einstakra þátta samnings þessa skal honum skotið til stefnunefndar til umfjöllunar og úrskurðar. Samningurinn kemur til endurskoðunar ef forsendur samningsaðila varðandi verklagsreglur um málefni starfsmanna eða setning annarra reglna sem kveðið er á um í samningnum ganga ekki eftir.

Reykjavík 28. júní 2002

F.h. Landspítala - háskólasjúkrahúss

F.h. Háskóla Íslands

Magnús Pétursson, forstjóri

Páll Skúlason, rektor

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1

Yfirlit um skilgreiningar í samstarfssamningi Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Fylgiskjal 2

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss tekur mið af.

Fylgiskjal 3

Meginatriði verklagsreglna um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur við Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahús.

Fylgiskjal 4

Yfirlit um starfsmenn sem gegna starfsskyldum við H.Í. og LSH.

Fylgiskjal 5

Meginatriði reglna um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Fylgiskjal 6

Skilgreining fræðigreina innan heilbrigðisvísindagreina H.Í. og tengsl fræðasviða og fræðigreina H.Í. við svið LSH.

Fylgiskjal 7

Yfirlit um kennsluáðstöðu LSH (húsnæði og búnaður).

Fylgiskjal 8

Vísinda og menntastefna Háskóla Íslands.

Fylgiskjal 9

Vísindastefna Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Fylgiskjal 10

Um eflingu rannsókna.

Fylgiskjal 11

Yfirlit yfir fjölda nemenda í einstökum greinum (í vinnslu).

YFIRLIT UM SKILGREININGAR SEM NOTAÐAR ERU Í SAMSTARFSSAMNINGI HÁSKÓLA ÍSLANDS OG LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS

STEFNUNEFND H.Í. OG LSH

Með samningi aðila sem gerður var 10. maí 2001 var skipuð sameiginleg stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss. Samkvæmt samningnum hefur nefndin það hlutverk:

- Að móta stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og LSH
- Að sjá um framkvæmd samningsins og undirsamninga er honum tengjast og gera áætlanir um framkvæmd þeirra
- Að fjalla um sameiginleg málefni svo sem ný störf sem krefjast akademísku hæfis og breytingar á störfum á LSH sem tengjast báðum stofnunum. Aðilar skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu starfs og starfsskyldur áður en starf er auglýst
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Hlutverki nefndarinnar er nánar lýst í viðbótarsamningi þar sem vísað er til stefnunefndar.

HEILBRIGÐISVÍSINDAGREIN

Læknisfræði, sjúkrahjálfun, hjúkrunarfræði, ljósmóðurfræði, lyfjafræði og tannlækningar. Ennfremur telst klínísk sálfræði í félagsvísinda-deild H.Í. til heilbrigðisvísindagreina. Undir heilbrigðisvísindagreinar í skilningi samstarfssamningsins heyra fræðasvið og fræðigreinar þar sem byggt er á klínískri kennslu eða rannsóknum.

FRÆÐASVIÐ

Skipulagsleg eining í stjórnun kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum H.Í. Innan hvers fræðasviðs eru minnst ein fræðigrein. Samstarfssamningurinn fjallar um þau fræðasvið sem tengjast starfsemi LSH. Fræðasvið geta einnig verið án beinna tengsla við LSH, en það á einkum við um grunngreinar heilbrigðisvísinda.

FRÆDIGREIN

Skipulagsleg eining í stjórnun kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum H.Í. Fræðigreinar eru minni fageiningar innan fræðasviða þar á meðal eiginlegar kennslugreinar innan heilbrigðisvísindadeilda H.Í.

HÁSKÓLAMADUR

Starfsmaður Háskóla Íslands með eitthvert eftirtalinna starfsheita: prófessor, dósent, lektor, vísindamaður, fræðimaður, sérfræðingur.

STARFSTENGL

Með starfstengslum er átt við réttindi og skyldur sem háskólamaður fær á LSH á grundvelli samstarfssamningsins sbr. og 11. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Starfstengslin geta verið tengd staða eða samhliða starf.

TENGD STAÐA

Tengd staða felur í sér að háskólamanni er veitt tiltekin aðstaða á LSH án ráðningarsamnings við sjúkrahúsið. Um er að ræða þá aðstöðu sem háskólamanninum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknarhlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart LSH hefur viðkomandi háskólamaður þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs eða fræðigreinar innan sjúkrahússins.

SAMHLIÐA STARF

Samstarfssamningur H.Í. og LSH gerir ráð fyrir að háskólamenn geti haft frekari starfstengsl við LSH en felast í tengdri stöðu. Slik starfstengsl byggjast á því að háskólamaður sé ráðinn sérstaklega í starf stjórnanda eða sérfræðings sem auglýst er og ráðið í af LSH samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins.

Í því tilviki hefur háskólamaðurinn tvo ráðningarsamninga, annars vegar um háskólastarfið og hins vegar um spítalastarfið. Hvor ráðningarsamningur er háður hinum eftir því sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi, verklagsreglum þessum og ákvæðum ráðningarsamninga hverju sinni.

LÖG OG STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI SEM SAMSTARFSSAMNINGUR**HÁSKÓLA ÍSLANDS OG****LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS TEKUR MIÐ AF:**

- Hjúkrunarlög nr. 8/1974
- Lög nr. 35/1978 um lyfjafræðinga
- Lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta
- Lög nr. 38/1985 um tannlækningar
- Læknalög nr. 53/1988, einkum I. kafli og 7. gr.
- Lög nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
- Lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, einkum IV. kafli og 36. gr.
- Lyfjalög, nr. 93/1994, IX. kafli
- Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
- Lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, einkum 10 og 11. gr.
- Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins
- Lög nr. 136/1997 um háskóla
- Lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands
- Lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu
- Reglugerð nr. 552/1999 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði
- Reglugerð nr. 127/2000 um sameiningu heilbrigðisstofnana
- Reglur nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands
- Reglugerð nr. 763/2000 um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

VERKLAGSREGLUR
UM MÁLEFNI STARFSMANNA SEM HAFA STARFSSKYLDUR GAGNVART
HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI

MEGINATRÍÐI

Tilgangur reglnanna er að skilgreina verklag í ráðningarmálum þeirra starfsmanna Háskóla Íslands (H.Í.) og Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnunum á grundvelli samstarfssamnings þeirra. Samningurinn gerir ráð fyrir viðtæku samstarfi á sviði starfsmannamála þar sem stefnt er að eftirfarandi markmiðum:

- Að ábyrgð og verkefni hvorrar stofnunar um sig séu vel skilgreind og í samræmi við lög, en jafnframt að sveigjanleiki sé nýttur eftir föngum innan ramma laga og reglna.
- Að fjárhagslegt uppgjör sé eins einfalt og kostur er.
- Að tiltekið verklag verði tekið upp gagnvart þeim sem ráðnir verða til starfa á grundvelli samningsins, en að jafnframt verði farið yfir mál þeirra starfsmanna sem þegar eru í störfum sem tengjast báðum stofnunum og þess freistað að ná eins góðu samræmi og kostur er.
- Að ljóst sé gagnvart hvorri stofnun sameiginlegir starfsmenn beri skyldur og eigi réttindi.

Fyrirliggjandi eru drög að verklagsreglum sem hafa verið útbúin af stefnunefnd H.Í. og LSH sem starfar á grundvelli samstarfssamningsins frá 10. maí 2001. Drögin hafa að geyma ýmsar skilgreiningar og ákvæði um sameiginlega starfsmenn þar sem lýst er málsmeðferð, en einnig eru tekin upp ýmis almenn ákvæði um réttarstöðu þessara starfsmanna skv. gildandi rétti. Reiknað er með því að starfsskyldur og ráðningarkjör einstakra starfsmanna helgist síðan af ákvæðum ráðningarsamninga sem gerðir eru á grundvelli kjarasamninga, og starfslýsingum þar sem frekari útfærslu er að finna. Þar sé m.a. aðgreint hvort starfsskyldur eru á vettvangi Háskólans eða innan veggja spítalans, þannig að ótvíætt sé hvar húsbóndavald liggur.

Stefnt er að því að verklagsreglurnar taki gildi þann 1. júlí 2002. Við gildistöku verða verklagsreglurnar að fylgiskjali með samstarfssamningi H.Í. og LSH.

YFIRLIT UM STARFSMENN SEM GEGNA STARFSSKYLDUM VIÐ H.Í. OG LSH

Deild	Nafn	Starfsheiti	Starf	1. júní 2002
Hjúkrunarfræðideild				
Hjúkrunarfræðideild	Anna Gyða Gunnlaugsdóttir	lektor	hjúkrun fullorðinna II	
Hjúkrunarfræðideild	Árdís Ólafsdóttir	lektor	ljósmóðurfræði	
Hjúkrunarfræðideild	Ásta St. Thoroddsen	lektor	hjúkrun fullorðinna I	
Hjúkrunarfræðideild	Birna Guðrún Flygenring	lektor	hjúkrunarstjórnun	
Hjúkrunarfræðideild	Björg Guðmundsdóttir	lektor	geðhjúkrun	
Hjúkrunarfræðideild	Dóróthea Bergs	lektor	hjúkrun fullorðinna I	
Hjúkrunarfræðideild	Gyða Baldursdóttir	lektor	innangangur að hjúkrunarfræði II	
Hjúkrunarfræðideild	Helga Jónsdóttir	dósent	hjúkrun sjúklinga með langvarandi sjúkdóma	
Hjúkrunarfræðideild	Laura Sch. Thorsteinsson	lektor	innangangur í hjúkrunarfræði I	
Hjúkrunarfræðideild	Sóley S. Bender	dósent	barneignir og heilbrigði kvenna	
Hjúkrunarfræðideild	Hrund Sch. Thorsteinsson	lektor	kennslustjóri	
Hjúkrunarfræðideild	Hrafn Ó. Sigurðsson	lektor	svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofuhjúkrun	
Lyfjafræðideild				
Lyfjafræðideild				
Læknadeild				
Læknadeild - læknaskor	Arthur Löve	dósent	sýklafræði	
Læknadeild - læknaskor	Atli Dagbjartsson	dósent	barnasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Árni Kristinsson	dósent	hjartasjúkdómum	
Læknadeild - læknaskor	Árni V. Þórsson	dósent	barnasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Ásbjörn Jónsson	dósent	geislagreiningu	
Læknadeild - læknaskor	Ásgeir Haraldsson	prófessor	barnasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Bjarni Agnar Agnarsson	dósent	liffærameinafræði	
Læknadeild - læknaskor	Bjarni Torfason	dósent	hjarta- og brjóstholsskurðslækningum	
Læknadeild - læknaskor	Bjarni Þjóðleifsson	prófessor	lyflækningar	
Læknadeild - læknaskor	Björn Guðbjörnsson	dósent	gigtarrannsóknir	
Læknadeild - læknaskor	Björn Rúnar Lúðvíksson	dósent	klínísk ónæmisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Brynjar Karlsson	dósent	læknisfræðileg eðlisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Einar Stefánsson	prófessor	augnlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Eiríkur Örn Arnarson	dósent	sálarfræði	
Læknadeild - læknaskor	Eliás Ólafsson	prófessor	taugasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Finnbogi Jakobsson	dósent	taugasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Friðbert Jónsson	prófessor	augnsjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Gísli Einarsson	lektor	endurhæfingarfræði	
Læknadeild - læknaskor	Gísli Heimir Sigurðsson	prófessor	svæfinga- og gjörgæslulækningar	
Læknadeild - læknaskor	Guðmundur Jón Eliasson	lektor	geislagreiningu	
Læknadeild - læknaskor	Guðmundur Oddsson	lektor	lyfja- og eiturefnafræði	
Læknadeild - læknaskor	Guðmundur S. Jónsson	dósent	liffæðileg eðlisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Guðmundur Víkar Einarsson	dósent	þvagskurðlækningar	

Deild	Nafn	Starfsheiti	Starf	1. júní 2002
Læknadeild - læknaskor	Guðmundur Þorgeirsson	prófessor	lyflæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Gunnar Sigurðsson	prófessor	lyflæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Gunnlaugur Geirsson	prófessor	réttarlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Halldór Jóhannsson	dósent	handlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Halldór Jónsson	dósent	bæklunarskurðlækningar	
Læknadeild - læknaskor	Hannes Blöndal	prófessor	liffærafræði	
Læknadeild - læknaskor	Hannes Petersen	dósent	háls-, nef- og eyrnalækningar	
Læknadeild - læknaskor	Hannes Pétursson	prófessor	geðlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Helgi Jónsson	dósent	lyflæknisfræði, gigtaarsjúkdómar	
Læknadeild - læknaskor	Helgi Valdimarsson	prófessor	ónæmisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Hildur Harðardóttir	lektor	fæðinga- og kvensjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Ingileif Jónsdóttir	dósent	sýkla- og ónæmisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Jens A. Guðmundsson	dósent	fæðinga- og kvensjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Jóhannes Ö. Björnsson	prófessor	lífefnameinafræði	
Læknadeild - læknaskor	Jón Grétar Stefánsson	dósent	geðsjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Jón Gunnlaugur Jónasson	dósent	liffærameinafræði	
Læknadeild - læknaskor	Jón Hjaltalín Ólafsson	dósent	húð- og kynsjúkdómar	
Læknadeild - læknaskor	Jón Jóhannes Jónsson	dósent	meinefnafræði	
Læknadeild - læknaskor	Jónas Björn Magnússon	prófessor	handlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Karl Gústaf Kristinsson	prófessor	sýklafræði	
Læknadeild - læknaskor	Kristján Erlendsson	dósent/kennslustjóri		
Læknadeild - læknaskor	Kristrún R. Benediktsdóttir	dósent	heimilislækningar	
Læknadeild - læknaskor	Margrét Oddsdóttir	dósent	klínísk handlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Ólafur Þ. Jónsson	lektor	svæfingalæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Ólafur Steingrímsson	dósent	sýklafræði	
Læknadeild - læknaskor	Páll Torfi Öndarson	dósent	blóðsjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Pálmi V. Jónsson	dósent	öldrúnarlækningar	
Læknadeild - læknaskor	Rafn Benediktsson	dósent	lyflæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Reynir Tómas Geirsson	prófessor	fæðinga- og kvensjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Runólfur Pálsson	lektor	nýrnalækningar	
Læknadeild - læknaskor	Sigurður B. Þorsteinsson	dósent	lyflæknisfræði, smitsjúkdómar	
Læknadeild - læknaskor	Sigurður Ingvarsson	dósent	krabbameinsrannsóknnum	
Læknadeild - læknaskor	Sigurður V. Sigurjónsson	lektor	liffærafræði	
Læknadeild - læknaskor	Steinn Jónsson	dósent	lungnasjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Sverrir Harðarson	dósent	liffærafræði	
Læknadeild - læknaskor	Tómas Zoéga	lektor	slysa- og áfallageðlækningum	
Læknadeild - læknaskor	Unnur Steina Björnsdóttir	dósent	klínísk ónæmisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Þorsteinn Svörfuður Stefánsson	dósent	svæfingalæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Þorvaldur Jónsson	dósent	handlæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Þóra Steingrímisdóttir	dósent	fæðinga- og kvensjúkdómafræði	
Læknadeild - læknaskor	Þórarinn Gíslason	dósent	lyflækningar	
Læknadeild - læknaskor	Þórður Harðarson	prófessor	lyflæknisfræði	
Læknadeild - læknaskor	Þórður Sigmundsson	dósent	liffærafræði og geðlækningar	

Deild	Nafn	Starfsheiti	Starf	1. júní 2002
Raunvísindadeild				
Raunvísindadeild	Inga Þórsdóttir	prófessor	næringarfræði *)	
Tannlæknadeild				
Tannlæknadeild	Ársæll Jónsson	dósent	almenn lyflæknisfræði	
Tannlæknadeild	Jón Viðar Arnórsson	lektor	röntgenfræði og greining	
Tannlæknadeild	Sigfús Þór Nikulásson	lektor	meinafræði og meinafræði munns	

*) Starfsvettvangur innan LSH breytist ekki við gildistöku samnings.

REGLUR UM VIÐURKENNINGU
HÁSKÓLA ÍSLANDS Á AKADEMÍSKU HÆFI STARFSMANNA
Á LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI

MEGINATRIÐI

Þann 10. maí 2001 var gengið frá samstarfssamningi milli Háskóla Íslands (H.Í.) og Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH). Í samningnum segir:

„Starfsfólk LSH, sem notar starfsvettvang sinn á LSH til kennslu og rannsókna, skal eiga rétt til að sækja um mat á hæfi til að gegna akademísku starfi við H.Í. Við mat á umsóknum skal H.Í. leggja til grundvallar viðmiðanir H.Í. á hæfi umsækjenda um störf við Háskólann. Standist starfsmaður þær kröfur sem Háskólinn gerir til ákveðins starfs skal starfsmaður hljóta akademíska nafnbót í samræmi við það. Um skyldur og réttindi fer að reglum H.Í. og hefur H.Í. fullt ákvörðunarvald og forræði að því er akademíska þáttinn varðar. Staða viðkomandi starfsmanna við LSH breytist ekki þó viðkomandi fái akademíska nafnbót við H.Í. og viðkomandi starfsmaður heldur óbreyttu starfi við LSH, nema um annað sé samið. Felist sérstök skuldbinding gagnvart H.Í. í veitingu akademískrar nafnbótar er áframhaldandi starf á vettvangi spítalans háð samþykki LSH.“

Fyrirliggjandi drög að reglum sem m.a. hafa verið kynnt í háskólaráði byggjast á því að útfæra þetta samningsákvæði. Er miðað við, að háskólarektor veiti viðurkenninguna í umboði háskólaráðs á grundvelli umsókna.

Eitt meginatriði reglnanna er að viðurkenning á akademísku hæfi starfsmanns á háskólasjúkrahúsinu verður ekki lögð að jöfnu við ráðningu í starf háskólakennara eða sérfræðings í H.Í. Af því leiðir m.a., að viðkomandi starfsmaður öðlast ekki rétt til launa frá Háskólanum með viðurkenningunni eða annarra þeirra starfstengdu kjara sem samið er um í ráðningarsamningum á grundvelli kjarasamninga. Byggist það á þeirri forsendu, að skyldur sem viðurkenningunni fylgi séu í samræmi við þann ávinning sem starfsmaðurinn getur haft af því að vera tengdur Háskólanum. Ljóst er í öllu falli að skyldur tengdar viðurkenningunni eru fyrst og fremst „nominal“ og geta aldrei náð lágmarksinntaki hlutastarfs háskólakennara eða sérfræðings (20%). Þá fellur nafnbótin niður hætti viðkomandi störfum við LSH.

Við gildistöku þessara verklagsreglna verða þær að fylgiskjali með samstarfssamningi H.Í. og LSH.

SKILGREINING FRÆÐIGREINA INNAN HEILBRIGÐISVÍSINDAGREINA

HÁSKÓLA ÍSLANDS OG TENGL FRÆÐASVIÐA

OG FRÆÐIGREINA HÁSKÓLA ÍSLANDS VIÐ

LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

1. SKILGREINING FRÆÐASVIÐA OG FRÆÐIGREINA

Fræðasvið og fræðigreinar eru skipulagslegar einingar í stjórnun kennslu og rannsókna á LSH og í heilbrigðisvísindadeildum H.Í. Fræðigreinar eru skilgreindar af heilbrigðisvísindadeildum háskólans og skiptast á fræðasvið sem mörg tengjast samsvarandi sviði á LSH. Fræðigreinar eru því minni fageiningar innan hinna stærri fræðasviða í H.Í og á LSH. Fræðasvið geta líka verið án beinna tengsla við LSH, en það á einkum við um grunngreinar heilbrigðisvísinda. Fræðasvið geta einnig haft tengsl við fleiri en eitt af klínískum sviðum LSH.

2. FRÆÐASVIÐ OG TENGL VIÐ KLÍNÍSKA STARFSEMI LSH

Miðað er við að neðangreind fræðasvið, skipt eftir heilbrigðisvísindadeildum, hafi tengsl við klíniska starfsemi LSH. Á meðfylgjandi yfirliti er þessum tengslum lýst.

a) Læknadeild

Líffærafræði (tengt klínisku þjónustusviði LSH), lífefnafræði/meinefnafræði/ erfðalæknisfræði (tengt Rannsóknarstofnun LSH), lífeðlisfræði/eðlisfræði (tengt Lífeðlisfræðistofnun í HÍ og klínisku þjónustusviði LSH), líffærameinafræði/réttarlæknisfræði og myndgreining (tengt klínisku þjónustusviði LSH), lyfja- og eiturefnafræði (tengt Lyfjafræðistofnun í HÍ og lyflækningasviði I á LSH), sýklafræði/veirufræði og ónæmisfræði (tengt Rannsóknarstofnun LSH), handlæknisfræði (fræðigreinar: almenn handlæknisfræði, háls-, nef- og eyrnalæknisfræði, augnlæknisfræði, þvagfæralæknisfræði, bæklunarlæknisfræði, hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði, æðaskurðlæknisfræði, heila og taugaskurðlæknisfræði)(tengt skurðlækningasviði LSH), svæfingalæknisfræði (tengt svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviði LSH), bráðalækningar (tengt slysa- og bráðasviði LSH), almenn lyflæknisfræði og taugasjúkdómafræði (fræðigreinar: hjartalæknisfræði, smitsjúkdómalæknisfræði, gígtafræði, nýrnalæknisfræði, meltingarlæknisfræði, innkirtlalæknisfræði, lungnalæknisfræði, húð- og kynsjúkdómalæknisfræði) (tengt lyflækningasviði I LSH), sértæk lyflæknisfræði (fræðigreinar: blóðlæknisfræði, krabbameinslæknisfræði)(tengt lyflækningasviði II á LSH), heilbrigðis- og faraldsfræði, heimilislæknisfræði, geðsjúkdómafræði (fræðigreinar: sálarfræði, barna- og unglíngageðlæknisfræði, almenn geðlæknisfræði) (tengt geðsviði LSH), barnalæknisfræði (tengt barnasviði LSH), fæðinga- og kvensjúkdómafræði (tengt kvennasviði LSH) öldrunarlæknisfræði (tengt öldrunarsviði LSH), endurhæfingafraði/sjúkraþjálfun (tengt endurhæfingarsviði).

b) Hjúkrunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild/LSH eru eftirtalin fræðasvið: Ljós- og heilbrigði kvenna innan kvennasviðs, barnahjúkrun innan barnasviðs, öldrunarhjúkrun innan öldrunarþjónustu, geðhjúkrun innan geðsviðs, hjúkrun langveikra fullorðinna á lyflækningasviði I, hjúkrun krabbameinssjúklinga á lyflækningasviði II, endurhæfingahjúkrun/endurhæfingarsvið, hjúkrun vegna aðgerða og gjörgæsluhjúkrun/svæfinga, gjörgæslu- og skurðstofusvið, hjúkrun slasaðra/slysa- og bráðasvið, hjúkrun bráðveikra fullorðinna/skurðlækningasvið. Þá falla tvær fræðigreinar hjúkrunar, upplýsingatækni í hjúkrun og hjúkrunarstjórnun, undir klínískt þjónustusvið í skipulaginu, en þessar greinar munu hins vegar þróast og koma inn á öll svið.

c) Tannlæknadeild

Klínísk tannlæknisfræði er meginfræðasvið tannlækninga. Sviðið samanstendur af ýmsum fræðigreinum og tengist skurðlækningasviði.

d) Lyfjafraeðideild

Fræðasvið lyfjafraeðideildar sem tengjast klínískri starfsemi LSH eru þrjú: Í fyrsta lagi klínísk lyfjafraeði sem tengist apóteki Landspítala - háskólasjúkrahúss, nýstofnuðu „lyfjasviði“ svo og lyflækningasviðum I og II. Í öðru lagi sjúkdómafræði og í þriðja lagi félagslyfjafraeði sem einkum tengist apóteki. Felur í sér ýmsar fræðigreinar.

e) Félagsvísindadeild

Fræðasvið sálfræði sem tengjast klínískri starfsemi LSH eru sjö: Afbrigða- og meðferðarsálfræði fullorðinna, afbrigða- og meðferðarsálfræði barna, áfengis- og vímuefnaeðferð (tengjast geðsviði), klínísk taugasálfræði, endurhæfingarsálfræði (tengjast endurhæfingarsviði), öldrunarsálfræði (tengist öldrunarsviði) og heilsusálfræði.

FYLGISKJAL 6

STARFSEMI LSH	FRÆÐASVIÐ LÆKNAÐEILDAR	FRÆÐASVIÐ HJÚKRUNAR- FRÆÐEILDAR	FRÆÐASVIÐ LYFJAFRÆÐEILDAR	FRÆÐASVIÐ TANNLÆKNAÐEILDAR	FRÆÐASVIÐ FÉLAGSVISINDAÐEILDAR
BARNASVIÐ	Barnsjúkdómfræði	Barnahjúkrun			
KVENNASVIÐ	Fæðing- og kvensjúkdómfræði	Ljósmodurfræði og heilbrigði kvenna			Albrigða- og meðferðar- sálfræði barna
GEÐSVIÐ	Geðsjúkdómfræði / sálfræði	Geðhjúkrun			Albrigða- og meðferðar- sálfræði fullorðinna
LYFLÆKNINGASVIÐ I	Lyflækni- og tauglækni- fræði	Hjúkrun langveikra fullorðinna			Áfengis- og vímuefnamedferð
LYFLÆKNINGASVIÐ II	Sérækt lyflækni- fræði	Hjúkrun krabbameins- sjúklinga			
SKURDLÆKNINGASVIÐ	Handlækni- og Augnlækni- fræði	Hjúkrun bráðveikra fullorðinna		Klínísk tannlækni- fræði *	
SVÆFINGA-, GIÖRGÆSLU- OG SKURÐSTOFUSVIÐ	SVæfinga- og giörgæslulækni- fræði	Hjúkrun vegna aðgerða og gjörgæsluhjúkrun			
KLÍNÍSKT ÞJÓNUSTUSVIÐ	Lífærameinfræði og myndgreining	Hjúkrunarsjórnun ** Uppl. lækni í hjúkrun **			
SLÝSA- OG BRÁÐASVIÐ	Bráðalækningar	Hjúkrun slasaðra			Klínísk taugasálfræði
ENDURHÆFINGARSVIÐ	Endurhæfingarfræði og sjúkraþjálfun	Endurhæfingarhjúkrun			Endurhæfingarsálfræði
ÖLDRUNARSVIÐ	Öldunarlækni- fræði	Öldrunarhjúkrun			Öldrunarsálfræði
RANNSÓKNARSTOFNUN LSH	Sýkta- og veirufræði Lyfja- og eitureinfræði Önæmis- og blóðfræði				
APÓTEK			Klínísk lyfjfræði ** Félagslyfjfræði **		
Með tengsl við fleiri svið					Heilsusálfræði

* Fyrirkomulag tengsla er ekki fullmátt

** Tengist jafnframt öðrum sviðum

Yfirlit yfir tengsl fræðasviða H.Í. við svið LSH

YFIRLIT UM KENNSLUADSTÖÐU LSH (HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR)

Á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eru alls um fjörutíu funda- og kennslusalir.

Af þeim eru tíu sérstaklega ætlaðir fyrir kennslu nemenda í Háskóla Íslands.

Yfir sjötíu prósent af nýtingunni á þessum tíu söllum var vegna háskólakennslu á skólaárinu 2000-2001.

Landspítali - háskólasjúkrahús tryggir að háskólakennsla hefur forgang við bókun í þessa sali. Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar ber ábyrgð á bókunum í þessa sali, viðhaldi og umgengni um þá. Ennfremur tryggir LSH viðunandi tækjabúnað salanna á hverjum tíma.

Þessir tíu salir eru misstórir, sá minnsti tekur sextán manns í sæti og sá stærsti tekur áttatíu manns í sæti.

Í öllum þessum tíu kennslusölum eru tölvur, skjávarpar, myndbandstæki og tússtöflur. Í sex af tíu söllum eru magnari og hátalarar og í fjórum eru slides-vélar.

Þessir salir eru við Hringbraut og í Fossvogi og nefnast;

- Stóru Loftsalir á milligangi milli „gamla“ og „nýja“ spítala á Hringbraut,
- Skásalir í kjallara kvennadeildarhúss, Hringbraut,
- Sigurhæðir á efstu hæð ljósmæðraskólahúss, Hringbraut,
- Ásinn inn af stóra matsalnum á Hringbraut,
- Gryfjan framan við og til hliðar við stóra matsalinn á Hringbraut,
- Suðursalur á fyrstu hæð G-álmu í Fossvogi,
- Norðursalur á fyrstu hæð G-álmu í Fossvogi,
- Skáli 4 á fjórðu hæð aðalbyggingar í Fossvogi, (milli A- og B- álma)
- Skáli 5 á fimmtu hæð aðalbyggingar í Fossvogi,
- Skáli 7 á sjöundu hæð aðalbyggingar í Fossvogi.
- Hinir þrjátíu salirnir eru misvel búnir að tækjum og þeir eru misstórir, allt frá litlum herbergjum upp í stærri sali.

Nýtingin þessara sala er mikil, fyrst og fremst fyrir sjúkrahússtarfsemi en þeir standa einnig háskólanemendum og kennurum þeirra til boða í samráði við viðkomandi deildir spítalans. Þeir eru þannig einnig mikið notaðir sem kennslusalir, kennslustofur, æfingastofur og funda/seminarherbergi vegna klínískrar háskólakennslu.

Þessi aðstaða er dreifð um allt sjúkrahúsið, í Fossvogi, á Hringbraut, á Landakoti, Kleppi, Dalbraut, Grensási og víðar.

VÍSINDA- OG MENNTASTEFNA HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMÞYKKT Á HÁSKÓLAFUNDI 6. APRÍL 2001

INNGANGUR

HLUTVERK HÁSKÓLAFUNDAR VIÐ STEFNUMÓTUN

Hlutverk háskólafundar við stefnumótun Háskólans er rakið í 7. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Fundinum er fyrst og fremst ætlað að vinna að þróun og eflingu Háskóla Íslands og móta og setja fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskólans. Gert er ráð fyrir, að með samþykktum sínum um stefnumörkun móti háskólafundur stefnu þá sem háskólaráði og rektor er ætlað að taka mið af.

Háskóli Íslands er langstærsta kennslu- og rannsóknastofnun landsins og er því mikilvægt að hann móti skýra og metnaðarfulla vísinda- og menntastefnu. Slík stefna á að vera leiðarljós og hvatning fyrir starfsmenn og stjórnendur Háskólans, en um leið almenn yfirlýsing um metnað hans til að gegna þessu þýðingarmikla hlutverki, hvort heldur er í þágu fræðanna, stúdenta, íslensks samfélags eða í alþjóðlegu vísindasamstarfi. Eðli málsins samkvæmt verður vísinda- og menntastefna Háskólans sífellt að vera til umræðu og endurskoðunar og í reynd lýkur stefnumótunarstarfinu aldrei.

Háskólafundurinn setur fram almenna stefnu fyrir Háskólann í heild, sem er einkonar yfirlýsing um það hvað Háskólinn er og hvað hann vill vera. Hver háskóladeild fyrir sig mótar sína eigin stefnu og áherslur á vettvangi deildarfunda að frumkvæði deildarforseta. Gert er ráð fyrir að stefnumótun einstakra deilda taki mið af vísinda- og menntastefnu Háskólans. Hið sama á við um stefnu í einstökum málaflokkum, sem taka til Háskólans alls, s.s. starfsmannastefnu Háskóla Íslands og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.

FORSENDA STEFNUMUNAR

Forsenda stefnumunnar er gefin í hlutverki Háskólans eins og það er skilgreint í 1. gr. laga um Háskóla Íslands; Háskólinn skal vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.

Háskóli Íslands skal einnig sinna endur- og símenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í lögnum og öðrum reglum er gilda um skólann.

Mikilvægt er að hafa í huga að vísinda- og menntastefna Háskólans er byggð á þessari forsendu og þeim skilningi sem lagður er í hana og reifaður er í inngangi.

HLUTVERK HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hlutverk Háskólans er fyrst og fremst að annast kennslu og sinna rannsóknum fræðanna vegna og í þágu íslensks samfélags. Þetta meginhlutverk felur almennt í sér skipulega viðleitni til að afla, skapa, varðveita og miðla þekkingu í víðasta skilningi. Fræðsla og þjónusta eru framhald þess; ýmist sem skipulegt framhald í mynd ákveðinnar fræðslu og þjónustu við samfélagið, s.s. endurmenntunar á vegum deilda, eða fræðslu og þjónustu sem byggist á frumkvæði einstakra kennara eða sérfræðinga og samstarfi þeirra við ýmsa aðila í þjóðfélaginu. Háskólanum ber að leggja sérstaka rækt við þær fræðigreinar er varða Ísland og Íslendinga sérstaklega. Á þessum sviðum eiga Íslendingar að leitast við að gegna forystuhlutverki í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi.

FRELSI, SKYLDUR, ÁBYRGÐ OG TRAUST

Vaxtabroddur kennslu og rannsókna felst í frelsi kennara til að kenna og rannsaka eftir sínu höfði, innan þess ramma sem deild setur. Kennarar ákveða sjálfir námsefni og efnistöð og velja sér sjálfir viðfangsefni til rannsókna án íhlutunar annarra. Þetta mikilvæga frelsi felur í sér skyldu og ábyrgð gagnvart fræðunum, leitinni að sannleikanum, og gagnvart stúdentum, samstarfsfólki og samfélaginu sem Háskólinn er hluti af. Gerðar eru strangar kröfur til þeirra sem treyst er fyrir starfrækslu Háskólans.

KRÖFUR TIL HÁSKÓLAKENNARA OG SÉRFRÆÐINGA

Af háskólakennurum og sérfræðingum er krafist tiltekinnar menntunar og reynslu. Þeir eru ráðnir að undangengnu mati dómnefndar sem skal láta í ljós rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita þeirra og rannsókna, svo og námsferli þeirra og störfum, að þeir séu hæfir til að gegna störfum háskólakennara eða sérfræðinga. Við framgang skal líta til allra fyrrgreindra starfsþátta, auk kennslu, eftir því sem mögulegt er.

KENNSLA

Háskólanám og -kennsla lúta tilteknum formskilyrðum. Nemendur sem hefja háskólanám skulu hafa öðlast þá þekkingu og þroska sem stúdentsprófi er ætlað að veita. Það á jafnframt að fela í sér nauðsynlegan undirbúning til að takast á við háskólanámið. Grunnám tekur almennt 3 til 6 ár og skiptist í einstök námskeið sem saman mynda eina heild. Háskóladeildir bera ábyrgð á kennslu og rannsóknum sem tengjast henni. Þær ákveða uppbyggingu námsins og skiptingu þess í námskeið og veita háskólagráðu við lok náms og er hún staðfest af deildarforseta. Háskólakennarar eru ráðnir að háskóladeildum og bera þeir í umboði deildar ábyrgð á vali námsefnis, kennslu og námsmati.

Í háskólanámi og kennslu eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð sem ekki er vikið frá og stöðugt mat fer fram á kennslu og námskeiðum með kennslukönnunum, árlegri endurskoðun kennsluskrár, umræðum í deildum og skorum og úttektum á einstökum fræðasviðum eða deildum.

RANNSÓKNIR

Sköpun nýrrar þekkingar og þróun tækni eru forsendur framfara og gegnir Háskólinn þar mikilvægu hlutverki með rannsóknum sínum og framhaldsnámi. Háskólakennurum og sérfræðingum er treyst til að gegna forystu í rannsóknum á sínu sviði. Þeir eiga að kenna vísindaleg vinnubrögð, þekkingarleit og þjálf nemendur í að leggja gagnrýnið mat á gamla og nýja þekkingu. Við nýráðningu og framgang þurfa kennarar og sérfræðingar að hafa sannað það með verkum sínum að þeir séu hæfir og ötulir vísindamenn. Þeim ber að birta niðurstöður rannsókna sinna á vísindalegum vettvangi, sem gerir strangar fræðilegar kröfur, og leitast jafnframt við að kynna þær fyrir almenningi eftir því sem kostur er. Greinargerð þeirra fyrir rannsóknum sínum er forsenda þess að unnt sé að meta verk þeirra og gera stjórnvöldum grein fyrir árangri Háskólans í rannsóknum.

Rannsóknir framhaldsnema undir leiðsögn kennara efla rannsóknastarf og leiða iðulega til athyglisverðra niðurstaðna. Nemendur í rannsóknanámi fá þjálfun í að takast á við fræði- og vísindastörf og öðlast með því góðan undirbúning til starfa í atvinnu- og þjóðlífi, þar sem ögun í vísindalegum vinnubrögðum nýtist vel.

FRÆÐSLA OG ÞJÓNUSTA

Háskólinn veitir þjóðfélaginu fræðslu og þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Fræðsla og þjónusta eru afleiðing og framhald meginhlutverks Háskólans, kennslu og rannsókna. Skilin á milli fræðslu og þjónustu eru ekki ávallt skýr og því eru þessir þættir felldir saman í vísinda- og menntastefnu Háskólans. Með fræðslu- og þjónustustefnu er leitast við að skilgreina hvaða tegund fræðslu og þjónustu Háskólinn veitir, hverjir veita hana, hverjir veita henni viðtöku, hver markmiðin eru og hver eru réttindi og skyldur þeirra sem veita hana og njóta hennar.

Með fræðslu er almennt átt við miðlun þekkingar utan reglubundinnar kennslu við Háskólann. Fræðsla getur m.a. falist í endur- og símenntun, fræðslu til almennings með opnum fyrirlestrum og fundum, ýmiss konar útgáfu eða þátttöku í umræðu um málefni af ýmsu tagi.

Með þjónustu er átt við að Háskólinn veiti þjóðfélaginu þjónustu sína í formi rannsókna, kennslu, fræðslu og sérfræðilegrar ráðgjafar. Mikilvægasta þjónustan við þjóðfélagið, sem Háskólanum ber að veita, er að mennta og þjálf nemendur til margvíslegra starfa í þjóðfélaginu. Dæmi um skipulagða starfsemi af þessu tagi er þjónustustarfsemi rannsóknastofnana Háskólans sem og þjónustustofnana hans. Dæmi um tilfallandi þjónustu eru álitserðir og ráðgjöf um margvísleg álitæfni sem eftir er leitað.

FRAMSETNING VÍSINDA- OG MENNTASTEFNU HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vísinda- og menntastefna Háskólans er greind í þrjú kafla, (I.) kennslu, (II.) rannsóknir og (III.) fræðslu og þjónustu, sem hver um sig er greindur í þrjú þætti, (a.) stefnu, (b.) framkvæmd og útfærslu og (c.) umsjón og ábyrgð. Í stefnunni er sett fram yfirlýsing um þau markmið sem stefna ber að, framkvæmd og útfærsla er skýring á því hvernig stefnan skuli framkvæmd og umsjón og ábyrgð fjallar um tilmæli um það hver eða hverjir hafi umsjón með framkvæmd stefnunnar og beri ábyrgð á henni. Við framkvæmd vísinda- og menntastefnu Háskóla Íslands ber og að taka mið af ýmsum öðrum stefnumarkandi gögnum sem henni tengjast. Ber þar sérstaklega að hafa starfsmannastefnu Háskóla Íslands og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands í huga.

I. KENNSLA

Stefna

Háskóli Íslands er hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaður hans er að vera þar í fremstu röð með vandaðri kennslu sem stenst fræðilegan samburð á alþjóðlegum vettvangi. Meginmarkmið kennslu við Háskóla Íslands er að þjálfa nemendur til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og takast á við margvísleg störf í þjóðfélaginu. Í þessu felst að kennslan tekur í senn mið af þörfum þjóðlífsins og forsendum þeirra fræðigreina sem í hlut eiga hverju sinni.

Meginmarkmið náms við Háskóla Íslands er að nemendur öðlist þroska og temji sér ögun í vinnubrögðum, tileinki sér þekkingu, og geti beitt henni og hagnýtt á sjálfstæðan, skapandi og gagnrýninn hátt og til öflunar nýrrar þekkingar.

Nemendur eru ábyrgir fyrir námi sínu og skulu kennsluhættir miðaðir við virka þátttöku þeirra. Kappkostað skal að vekja umræður og hvetja til fræðilegrar gagnrýni.

Að því skal stefnt að sérkenni einstakra fræðasviða og greina fái notið sín í skipulagi kennslu sem og að beitt sé fjölbreyttum kennsluaðferðum. Sérstaklega skal leitast við að endurnýja og þróa kennsluna. Stuðla skal að fjölbreyttu námsmati.

Háskólinn stefnir að því að gæði kennslu og náms uppfylli sambærilegar kröfur og gerðar eru til hliðstæðs náms við erlenda háskóla.

Háskólinn einsetur sér að skipuleggja kennsluna þannig að sérhver nemandi fái tækifæri til þess að mennta sig í faglegum og persónulegum tengslum við kennara og samnemendur.

Miðað skal við að rannsóknum og kennslu sé fléttað saman á öllum stigum náms, eftir því sem kostur er.

Stefnt skal að því að aðbúnaður kennara og stúdenta standist samburð við það sem best gerist í öðrum háskólum. Þar ber helst að gæta að kennsluhúsnæði, tölvuaðstöðu, skrifstofuþjónustu við kennara, bóka- og tímaritakosti, aðgangi að gagnaböndum og vefritum sem og lesaðstöðu.

Háskólinn setur sér að efla framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, á sem flestum fræðasviðum og að bæta vinnuaðstöðu nemenda í framhaldsnámi.

Háskólinn leitast við að mæta þörfum samfélagsins með því að bjóða upp á nýjar greinar í grunnnámi, auk endur- og símenntunar.

Efla skal samstarf Háskóla Íslands og erlendra háskóla og rannsóknastofnana með stúdenta- og kennaraskiptum, sameiginlegum námskeiðum og samvinnu um þróun og mat á kennslu og námi.

Framkvæmd og útfærsla

Háskóladeildir skulu skilgreina markmið námskeiða og námsins í heild í hverri kennslugrein. Á vettvangi skora og deilda skulu kennarar ræða reglulega um markmið kennslu sinnar, skilgreina mælikvarða og ræða hvernig best megi ná settum markmiðum og fylgjast með þróun í erlendum háskólum.

Samkvæmt lögum um Háskóla Íslands skulu deildir setja sér reglur um kennslu og kennsluhætti. Slíkar reglur skulu meðal annars taka tillit til fyrirlestra, verkefna, heimavinnu stúdenta, æfinga, umræðutíma, dæmatíma, verkþjálfunar, prófa, hópastærða og námsmats.

Háskólinn setur sér að efla framhaldsnám á næstu árum. Til að ná því markmiði verði samin sérstök framkvæmdaáætlun sem lögð verði fyrir háskólaráð.

Kennarar eru hvattir til þess að kynna eigin rannsóknir og fræðasvið fyrir stúdentum eftir því sem færi gefst. Jafnframt leitist kennarar Háskólans við að virkja nemendur til þátttöku í rannsóknum sínum.

Veita skal nemendum greiðan aðgang að upplýsingum um kennslu og nám við Háskólann, m.a. með hjálp upplýsingatækni.

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands veitir kennurum ráðgjöf og fræðslu um kennsluaðferðir og kennslutækni, nýtingu upplýsingatækni, fyrirmyndir um góða kennslu og aðferðir við sjálfsmat kennara.

Háskólinn skal þróa formlegt gæðakerfi þar sem skilgreindir eru þeir þættir sem koma til álita við gæðamat og mælikvarðar sem notaðir verða. Gæðamat skal vera skilvirkt og hnitmiðað en ekki of tímafrekt í framkvæmd. Ákveða skal fyrirfram hvernig niðurstöður matsins verði nýttar. Formlegt gæðakerfi skal m.a. taka til gæðamats á kennslu við framgang kennara og röðun þeirra til launa.

Stuðla skal að samspili kennslu og þjóðlífs, m.a. með því að ráða að Háskólanum sérfræðinga, sem starfa í atvinnulífinu eða á öðrum sviðum þjóðlífsins, gera samstarfssamninga við fyrirtæki og stofnanir á sviði kennslu, gefa nemendum kost á að kynnast störfum utan Háskólans og veita þeim starfsþjálfun.

Umsjón og ábyrgð

Háskóladeildir, kennslusvið og kennslumálanefnd háskólaráðs bera ábyrgð á stefnunni og framkvæmd hennar. Kennslustefna Háskóla Íslands skal endurskoðuð reglubundið á háskólafundi.

II. RANNSÓKNIR

Stefna

Háskóli Íslands er rannsóknaháskóli og hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaður hans er að vera þar í fremstu röð með vönduðum rannsóknum sem standast fræðilegan samanburð á alþjóðlegum vettvangi og hafa einnig mikilvæga þýðingu fyrir íslenskt samfélag.

Kennarar og sérfræðingar við Háskóla Íslands hafa rannsóknafrelsi. Í því felst að kennarar og sérfræðingar velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu. Þetta felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar íslenskum almenningi eftir því sem kostur er.

Háskólinn vill bjóða upp á öflugt rannsóknánám á sem flestum fræðasviðum. Auka skal samvinnu milli fræðasviða og fjölbreytni þeirra rannsókna sem stundaðar eru við Háskólann. Rannsóknir við Háskóla Íslands séu stundaðar í samstarfi við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki, eftir því sem tækifæri og tilefni gefast.

Háskólinn leitast við að tryggja kennurum, sérfræðingum og nemendum góða aðstöðu og frjótt umhverfi til að stunda rannsóknir.

Framkvæmd og útfærsla

Háskólinn skal veita kennurum og sérfræðingum aðgang að öflugum rannsókn- og tækjakaupasjóðum sem veitt er úr á samkeppnisgrundvelli.

Háskólinn skal leitast við að tryggja eins og kostur er aðgang að upplýsingum, bókum og öðrum ritum í þágu rannsókna.

Háskólinn þarf að geta laðað til sín hæft starfsfólk. Vinnuumhverfi og kjör þurfa því að vera með þeim hætti að störf við skólann þyki eftirsóknarverð.

Háskólinn skal efla framhaldsnám og hvetja nemendur til framhaldsnáms. Tryggja verður gæði framhaldsnámsins svo það standist alþjóðlegan samanburð.

Kennarar og sérfræðingar skulu gera Háskólanum reglulega grein fyrir rannsóknum sínum og niðurstöðum þeirra. Ritverk og önnur hugverk skulu metin m.a. með tilliti til röðunar í grunnlaunaflokka, greiðslna úr vinnumatssjóðum og framgangs. Rannsóknamatskerfi Háskólans skal vera gegnsætt og í samræmi við rannsóknastefnu skólans. Nauðsynlegt er að kerfi þetta sé í sífelldri þróun og endurskoðun.

Starfsfólk Háskólans skal leitast við að sækja um styrki úr rannsóknasjóðum, innlendum og erlendum, eða frá öðrum aðilum.

Háskólinn stuðlar að birtingu niðurstaðna og ritvirkni með öflugum vinnumatssjóðum, enda er ritvirkni nú orðinn einn helsti mælikvarði rannsóknasjóða við úthlutun.

Háskólinn skal setja sér skýrar siðareglur, reglur um sprotafyrirtæki, höfundarrétt og eignarhald á rannsóknaniðurstöðum.

Greiða skal fyrir þátttöku starfsfólks í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi, svo sem með reglulegum rannsóknamissurum.

Háskólinn skal leitast við að hafa í boði tímabundin gestastörf fyrir erlenda fræðimenn.

Umsjón og ábyrgð

Háskóladeildir, rannsóknastofnanir, rannsóknasvið og vísindanefnd háskólaráðs bera ábyrgð á stefnunni og framkvæmd hennar. Rannsóknastefna Háskóla Íslands skal endurskoðuð reglubundið á háskólafundi.

III. FRÆÐSLA OG ÞJÓNUSTA

Stefna

Háskóli Íslands miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskólakennarar og sérfræðingar skulu, eftir því sem unnt er, stuðla að því að fræðigreinar þeirra komi að gagni fyrir samfélagið. Þess vegna er það eitt af hlutverkum háskólakennara og sérfræðinga að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að upplýsa samfélagið um fræðigrein sína, benda á hvað hún hefur fram að færa og vara við misbeitingu hennar. Leitast skal við að sú fræðsla og þjónusta sem Háskólinn veitir verði kennslu og rannsóknnum til framdráttar.

Fræðslu- og þjónustuhlutverkið er hluti af félagslegri ábyrgð kennara og sérfræðinga Háskólans sem leiðir af þekkingu þeirra og stöðu í samfélaginu.

Framkvæmd og útfærsla

Háskólafrólk skal, eftir því sem unnt er, veita íslensku þjóðfélagi þjónustu, s.s. með:

- öflun, varðveislu, miðlun og hagnýtingu þekkingar í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, samtök, stofnanir og stjórnvöld;
- þjónusturannsóknnum, þ.e. öflun nýrrar þekkingar með rannsóknnum sem fyrirtæki eða aðrir aðilar þarfnast og leitað er eftir;
- nefndarstörfum og ráðgjöf.

Háskólafrólk skal, eftir því sem unnt er, veita hinu alþjóðlega vísindasamfélagi þjónustu, s.s. með:

- Störfum í ritnefndum vísindatímarita og ritrýni;
- störfum fyrir erlenda háskóla og vísindastofnanir;
- störfum í stjórn vísindafélaga;
- skipulagningu ráðstefna innanlands og utan.

Háskólinn þarf að hafa til ráðstöfunar fé til sérstakra fræðslu- og þjónustuverkefna á vegum háskólastofnana og einstakra háskólakennara.

Nýta þarf hvers konar tækni sem býðst til að auðvelda starfsmönnum Háskólans að rækja fræðslu- og þjónustuhlutverk sitt.

Styrkja ber samstarf við fjölmiðla og aðra aðila sem miðla vísindum og fræðum til almennings.

UMSJÓN OG ÁBYRGÐ

Deildir Háskólans, sameiginleg stjórnýsla, einstakir kennarar og sérfræðingar, stofnanir og nefndir hafa umsjón með framkvæmd stefnu Háskóla Íslands í málefnum fræðslu og þjónustu og bera ábyrgð á henni, eftir því sem við á hverju sinni. Fræðslu- og þjónustustefna Háskóla Íslands skal endurskoðuð reglubundið á háskólafundi.

VÍSINDASTEFNA LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS

Landspítali - háskólasjúkrahús gegnir veigamiklu hlutverki í því að efla heilbrigðisvísindi hér á landi. Leit nýrrar þekkingar og þróun tækni eru forsendur framfara og þess að spítalinn geti veitt þjónustu í hæsta gæðaflokki. Spítalinn er háskólasjúkrahús og sem slíkt hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaðarfull vísindastefna er leiðarljós og hvatning fyrir stjórnendur og starfsmenn spítalans en um leið almenn yfirlýsing um vilja Landspítala - háskólasjúkrahúss til að gegna veigamiklu hlutverki í vísindastarfi. Vísindastefna og viðleitni spítalans á sviði vísinda á sífellt að vera til umræðu og endurskoðunar af starfsmönnum, almenningi, stjórnendum og stjórnvöldum.

Markmið og viðleitni Landspítala - háskólasjúkrahúss er lýst í eftirfarandi meginviðhorfum:

- 1 Rannsóknarhlutverk spítalans felur í sér bæði sköpun nýrrar þekkingar og hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna, íslensku samfélagi til hagsbóta.
- 2 Fræðilegt starf þarf að standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi og spítalinn á að vera í fararbroddi í þróun heilbrigðisvísinda á Íslandi.
- 3 Vísindarannsóknir skulu vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd siðfræðileg markmið.
- 4 Spítalinn skal leitast við að tryggja starfsfólki sínu tíma, aðstöðu og frjótt starfsumhverfi til að stunda rannsóknir í grunnvísindum sem og hagnýtum fræðum.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að framgangi vísindastefnu sinnar með fjölþættum hætti og eiga nána samvinnu við rannsóknar- og menntastofnanir sem vinna að menntun heilbrigðisstétta og heilbrigðisvísindum.

Þetta verður gert með eftirfarandi hætti:

- 1 Í samningum spítalans og menntastofnana verði vísinda- og rannsóknarsamstarf tryggt og til þess hvatt með skýrum gagnkvæmum stuðningi og aðgerðum. Ennfremur verði í framtíðaruppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss lögð áhersla á samtvinnun rannsókna, kennslu og þjónustu.
- 2 Spítalinn mun efla samstarf við Háskóla Íslands og aðra skóla, innlenda og erlenda, sem tengjast starfsemi spítalans og menntun heilbrigðisstétta.
- 3 Þverfaglegt rannsóknarstarf verði eflt, bæði innan spítalans og við vísindamenn utan hans.
- 4 Stuðlað verði að samvinnu við lífvísinda- og lyfjafyrirtæki, heilbrigðistækni- og upplýsingatæknifyrirtæki, innlend og erlend.
- 5 Unnið verði að stofnun heilbrigðisvísindastofnunar á lóð spítalans í samvinnu við Háskóla Íslands, aðra skóla og einkaaðila. Með tilkomu slíkrar stofnunar kemst á frjótt umhverfi til uppbyggingar vísinda og aðstaða til að bjóða frumkvöðlum samstarf í nánd við starfsmenn spítalans og þá sem samstarf eiga við hann.
- 6 Aðstaða til klínískra rannsókna verði byggð upp og styrkt. Rannsóknasetur verði skilgreindur hluti af starfsemi spítalans og rannsækendum til aðstoðar á öllum stigum rannsóknastarfsins, allt frá umsóknum um fjármagn, siðfræðimál, tölfraeðivinnslu og birtingu og útgáfu niðurstaðna.
- 7 Landspítali - háskólasjúkrahús tryggi starfsfólki aðgang að góðu vísindalegu bókasafni með rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.
- 8 Starfsfólki verði gefinn kostur á að sækja um launað rannsóknaleyfi á vegum spítalans. Árlega verði tiltekinn starfstími veittur í þessum tilgangi í fjárhagsáætlun Vísindasjóðs LSH og spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús vill byggja upp öflugan vísindasjóð sem veitir styrki á samkeppnisgrundvelli. Úr Vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss skal veita styrki bæði til byrjenda í rannsóknum sem og reyndari rannsakenda. Stefnt skal að því að koma upp sérstökum tækjakaupasjóði, ætluðum til að styrkja kaup á tækjum til vísindarannsókna. Í fjárhagsáætlun spítalans skulu tilteknir þeir fjármunir er árlega verða til ráðstöfunar úr styrktarsjóðum spítalans. Jafnframt er starfsfólk spítalans hvatt til að sækja um styrki úr öðrum rannsóknarsjóðum, jafnt innlendum sem erlendum. Spítalinn mun eftir föngum aðstoða starfsfólk við gerð umsókna.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að því að setja skýrar siðareglur fyrir vísindastarf og hafa lög og reglur, sem vísindarannsóknir lúta, rannsakendum aðgengilegar á heimasíðu spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús hvetur starfsfólk sitt til að kynna rannsóknaniðurstöður á innlendum og erlendum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Jafnframt verði mikilvægar niðurstöður kynntar almenningi, m.a. með kynningu í húsakynnum spítalans. Árlega verði sameiginleg kynning á vísindavinnu starfsfólks spítalans á „Vísindum á vordögum“, með fyrirlestrum og veggspjöldum og viðurkenning veitt þeim starfsmanni sem skarar fram úr. Spítalinn birtir árlega ritskrá starfsfólks með stuttum útdrætti.

Spítalinn mun móta, í samvinnu við Háskóla Íslands, meðferð höfundaréttar og eignarhalds á rannsóknaniðurstöðum. Enn fremur reglur um fjárreiður vísindasjóða og meðferð rannsóknargagna.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar Landspítala - háskólasjúkrahúss er starfsfólki spítalans til aðstoðar við vísindastarf hvers konar. Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss er stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn LSH til ráðgjafar um vísindastarf á spítalanum.

Samþykkt af stjórnarnefnd LSH

2. maí 2002

UM EFLINGU RANNSÓKNA

H.Í. og LSH munu vinna að eflingu rannsókna með ýmsum hætti, m.a. með því að:

1. Vinna að sameiginlegu skipulagi rannsóknastofnana og rannsóknastofa í heilbrigðisvísindum, með hliðsjón af þeirri stefnu sem stofnanirnar hafa þegar mótað.
2. Veita starfsmönnum aðstoð og hvatningu við öflun styrkja til rannsóknaverkefna, efla eftir föngum rannsóknasjóði sem styrkja heilbrigðisvísindi og samræma skráningu hugverka og rannsóknaverkefna í vinnslu. Í þessu augnamiði mun Rannsóknþjónusta og rannsóknasvið H.Í. eiga samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH, m.a. með nýtingu Rannsóknagagnasafns Íslands í huga, sem báðir aðilar lýsa vilja til að koma að.
4. Setja reglur um skiptingu starfsþátta (rannsóknna, kennslu og klínískrar þjónustu) einstakra hópa sameiginlegra starfsmanna. Við mótnun þessara reglna skal m.a. taka mið af almennum venjum um akademískt frelsi í háskólum og á háskólastofnunum.
6. Móta stefnu gagnvart styrkveitendum og einkafyrirtækjum, innlendum sem erlendum, sem gegn greiðslu leita eftir sérþekkingu starfsmanna og upplýsingum úr gagnabönkum samningsaðila.
8. Efla fjármálaumsýslu í tengslum við rannsóknir og samræma samningagerð sameiginlegra starfsmanna við þriðja aðila. Skráðir umsjónarmenn beri ábyrgð á rannsóknaverkefnum með bakábyrgð (áritun) stofnunar. Sérstakt bókhald verði haldið um hvert verkefni. Sé umsjónarmaður rannsóknaverkefnis jafnframt fastur starfsmaður annars eða beggja samningsaðila, skal bókhaldið vera aðgengilegt fjármálagum stjórnendum hvorrar stofnunar um sig.
6. Móta verklag um höfundarrétt og nýtingarrétt hugverka, sbr. lög og reglur þar um.
7. Hafa samráð um gerð reglna og leiðbeininga um skráningu og innheimtu stjórnunarkostnaðar, en stefnt skal að því að sem best samræmi ríki í þessu efni.
8. Endurskoða reglur um mat á störfum með hliðsjón af sérstökum aðstæðum í starfsmiðuðum heilbrigðisgreinum.